

Skýrsla

stjórnar og nefnda

læknaráðs

Starfsárið 2013 - 2014



Skýrsla stjórnar og nefnda læknaráðs

Starfsárið 2013 - 2014



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Mái 2014

Efnisyfirlit

Stjórn læknaáðs LSH	3
Almennir fundir læknaáðs	4
Skýrsla formanns læknaáðs starfsárið 2013 – 2014	5
Helstu umfjöllunarefni stjórnar læknaáðs starfsárið 2012-2013	8
Skýrslur nefnda læknaáðs starfsárið 2013-2014	11
Ársskýrsla fræðslunefndar.....	11
Ársskýrsla stöðunefndar.....	12
Árskýrsla valnefndar.....	12
Árskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa læknaáðs LSH	13
Lyfjanefnd LSH.....	13
Siðanefnd LSH.....	14
Siðfræðinefnd LSH.....	16
Vísindaráð Landspítala háskólasjúkrahúss.....	16
Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá.....	18
Fylgiskjöl	19
Fylgiskjal nr. 1 Starfsreglur fyrir læknaáð LSH.....	19
Fylgiskjal nr. 2 Starfs- og gjafasjóður læknaáðs LSH.....	22
Fylgiskjal nr. 3 Erindisbréf valnefndar læknaáðs.....	26
Fylgiskjal nr. 4 Erindisbréf fræðslunefndar læknaáðs.....	28
Fylgiskjal nr. 5 Erindisbréf stöðunefndar læknaáðs.....	29
Fylgiskjal nr. 6 Umsögn varðandi þingskjal 10. – 10. mál er varðar tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala ..	31
Fylgiskjal nr. 7 Ályktanir aðalfundar læknaáðs Landspítala 17. maí 2013.....	32
Fylgiskjal nr. 8 Ályktun læknaáðs Landspítala 13. júní 2013.....	33
Fylgiskjal nr. 9 Ályktun læknaáðs Landspítala 3. september 2013.....	34
Fylgiskjal nr. 10 Ályktun læknaáðs Landspítala 25. október 2013.....	35
Fylgiskjal nr. 11 Aðalfundur læknaáðs 17. maí 2013.....	36
Fylgiskjal nr. 12 Almennur læknaáðsfundur 20. september 2013.....	39
Fylgiskjal nr. 13 Almennur læknaáðsfundur 25. október 2013.....	41
Fylgiskjal nr. 14 Almennur læknaáðsfundur 22. nóvember 2013.....	42
Fylgiskjal nr. 15 Almennur læknaáðsfundur 21. febrúar 2014.....	43
Fylgiskjal nr. 16 Fræðslufundir læknaáðs starfsárið 2013 - 2014.....	44
Fylgiskjal nr. 17 „Læknaáð Landspítala leitar lausna“, Fréttablaðið 19. september 2013.....	46



Stjórn lækna ráðs:

Anna Gunnarsdóttir barnaskurðlæknir, formaður

Ebba M. Magnúsdóttir kvensjúkdóma- og fæðingalæknir, varaformaður

Meðstjórnendur:

	Aðalmaður	Varamaður
Fulltrúi lækna geðsviðs	Birna G. Þórðardóttir geðlæknir	Þórgunnur Ársælsdóttir geðlæknir
Fulltrúi lækna kvenna- og barnasviðs	Sólveig Hafsteinsdóttir barnalæknir	Sigurður Kristjánsson barnalæknir
Fulltrúi lækna lyflækningasviðs	Ólafur Samúelsson öldrunarlæknir	Dóra Lúðvíksdóttir lungnalæknir
Fulltrúi lækna rannsóknasviðs	Ingunn Þorsteinsdóttir sérfr. í klínískri lífefnafræði	Marianna Garðarsdóttir röntgenlæknir
Fulltrúi lækna skurðlækningasviðs	Einar Örn Einarsson svæfingalæknir	Rafn Hilmarsson þvægfæraskurðlæknir
Fulltrúi lækna slysa- og bráðasviðs	Friðrik Yngvason lungnalæknir	
Fulltrúi deildarlækna	Jónína Ingólfssdóttir læknir	Már Egilsson læknir

Skrifstofustjóri lækna ráðs:

Örn Þ. Þorvarðarson stjórn málafræðingur og M.Sc. í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Almennir fundir læknaáðs

Aðalfundur læknaáðs var haldinn 17 maí 2013. Frá 18. maí 2013 til 8. maí 2014 hafa verið haldnir 4 almennir fundir læknaáðs. Fundargerðir þessara funda birtast síðar í þessari skýrslu.

Sjá fylgiskjöl nr. 12 - 15.

- 20. september 2013:** Efni: Staðan á lyflækningasviði Landspítala
- Frummælendur:**
- Hrönn Ólafsdóttir, deildarlæknir á lyflækningasviði
 - Friðbjörn Sigurðsson, sérfræðilæknir á krabbameinsdeild
 - Karl Andersen, sérfræðilæknir á hjartadeild, prófessor HÍ
 - Björn Zoéga, forstjóri LSH
- 25. október 2013:** Efni: Nýr forstjóri – nýjar áherslur
- Páll Matthíasson, forstjóri LSH
- 22. nóvember 2013:** Efni: Hospital Visiting from European Board and College of Obstetricians and Gynecologists (EBCOG); a tool for quality assurance of specialist training across the EU/EEA.
- Prof. em Juriy Wladimiroff, formaður nefndarinnar (EBCOG)
- 21. febrúar 2014:** Efni: Lean Healthcare á Landspítala
- Benedikt Olgeirsson aðstoðarforstjóri LSH

Skýrsla formanns læknaáðs starfsárið 2013 – 2014

1. Stjórn læknaáðs Landspítala

Þónokkrar breytingar urðu í stjórn læknaáðs Landspítala fyrir starfsárið 2013-2014 þar sem margir fulltrúar luku fjögurra ára setu í stjórninni á síðasta starfsári. Auk formanns og varaformanns hafa hvert hinna sex klínísku sviða kosið einn aðalmanng og einn varamann í stjórn læknaáðs. Einnig er fulltrúi deildarlækna með sæti í stjórn læknaáðs ásamt varamanni.

Stjórn læknaáðs Landspítala starfsárið 2013-2014 skipuðu;

Anna Gunnarsdóttir barnaskurðlæknir, formaður

Ebba Margrét Magnúsdóttir kvensjúkdómalæknir, varaformaður

Geðsvið: **Birna G. Þórðardóttir** aðalfulltrúi og **Þórgunnur Ársælsdóttir** varamaður.

Kvenna-og barnasvið: **Sólveig Hafsteinsdóttir** aðalfulltrúi og **Sigurður Kristjánsson** varamaður.

Skurðlækningasvið: **Einar Örn Einarsson** aðalfulltrúi. Varamaður var í byrjun starfsárs **Björn Pétur Sigurðsson** sem lét af störfum fyrir ráðið vegna annarra anna og tók **Rafn Hilmarsson** sæti hans seinni hluta tímabilsins.

Lyflækningasvið: **Ólafur Helgi Samúelsson** aðalfulltrúi og **Dóra Lúðvíksdóttir** varamaður.

Rannsóknarsvið: **Ingunn Þorsteinsdóttir** aðalfulltrúi og **Marianna Garðarsdóttir** varamaður.

Bráðasvið: **Friðrik Yngvason** aðalfulltrúi. Því miður tókst ekki að skipa varamann fyrir bráðasviðið í stjórn læknaáðs.

Deildarlæknar: **Jónína Ingólfssdóttir** aðalfulltrúi og **Már Egilsson** varamaður.

Skrifstofustjóri læknaáðs **Örn Þ. Þorvarðarson** sinnti störfum ritara fyrir stjórn læknaáðs.

2. Stjórnarfundir

Samkvæmt starfsreglum læknaáðs hefur stjórn læknaáðs fundað að jafnaði á 2ja vikna fresti, oftar ef tilefni stóð til. Að venju voru fáir fundir yfir sumartímamng vegna sumarfría og almennt minni umsvifa í stjórnkerfi spítalans og ríkisins. Stjórnarfundir á liðnu starfsári voru haldnir á miðvikudögum og voru þeir samtals 15.

Þar voru ýmis málefni rædd og fjöldi gesta boðaðir á fundi stjórnar. Það má fullyrða að almennt hafi verið góð samstaða meðal stjórnarmanna um öll helstu mál og aldrei þurfti að útkljá mál með formlegri atkvæðagreiðslu. Fundirnir hafa flestir verið

haldnir á Landspítalanum við Hringbraut að undanskildum einum fundi sem haldinn var í Hörpunni í tengslum við Læknadaga í janúar og einum í Fossvogi á vorönn.

Á þessu starfsári var tekið upp það fyrirkomulag á vorönninni að boða alla stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn á stjórnarfundi til að ná betri þátttöku stjórnarmanna og tryggja fulltrúa fleiri sérgreina á stjórnarfundi vegna aukinnar stærðar hinna nýju sviða. Telur stjórnin það mikilvægt fyrirkomulag til að tryggja aðkomu sem flestra sérgreina á stjórnarfundina.

3. Almennir læknaáðsfundir

Í samræmi við starfsreglur læknaáðs voru á síðasta starfsári haldnir fjórir almennir læknaáðsfundir, þrjár á haustmisseri og einn á vormisseri. Fundargerðir þessara funda má sjá aftar í ársskýrslunni (fylgiskjöl 12-15). Mikið ánægjuefni var hve þátttaka lækna var góð á þessum fundum og voru fundarmenn allt frá 50-150 talsins. Allir fundirnir voru haldnir á föstudögum í Hringisal við Hringbraut.

Fyrsti almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 12) var haldinn 20. september 2013 undir yfirskriftinni “*Staðan á Lyflækningasviði Landspítala*”.

Frummælendur voru **Hrönn Ólafsdóttir**, deildarlæknir á lyflækningasviði, **Friðbjörn Sigurðsson**, sérfræðilæknir á krabbameinsdeild, **Karl Andersen**, sérfræðilæknir á hjartadeild og **Björn Zoëga**, þáverandi forstjóri Landspítalans.

Annar almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 13) var haldinn 25. október 2013 með fyrirsögnina “*Nýr forstjóri- nýjar áherslur*”.

Frummælandi var þá nýsettur forstjóri Landspítala **Páll Matthíasson**.

Þriðji almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 14) var haldinn 22. nóvember 2013 með fyrirsögnina “*EBCOG Hospital Visiting; a tool for quality assurance of training across the EU/EEA*”. Frummælandi var Prófessor emeritus **Juriy Wladimiroff** frá Englandi og formaður EBCOG Hospital Recognition Committee.

Fundurinn var haldinn í tengslum við heimsókn nefndar frá Evrópusamtökum fæðinga- og kvensjúkdómalækna (European Board and College of Obstetricians and Gynecologists, EBCOG) þar sem gerð varð úttekt á sérnámi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum á Landspítala. Stóð Reynir Tómas Geirsson fyrir skipulagningu fundarins.

Fjórdi almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 15) var haldinn 21. febrúar 2014 með yfirskriftina “*Lean Healthcare á Landspítala*”. Frummælandi var **Benedikt Olgeirsson** aðstoðarforstjóri Landspítala.

4. Fræðslufundir læknaáráðs

Óbreytt frá fyrra starfsári voru níu fræðslufundir haldnir og voru þeir haldnir kl. 8 á föstudagsmorgnum, annan föstudag í mánuði í Hringisal við Hringbraut. Yfirlit yfir fundarefni má sjá í fylgiskjali nr. 16. Fræðslunefndin hefur boðið upp á fjölbreytileg fundarefni yfir veturinn, fundarsókn hefur verið til fyrirmyndar og almenn ánægja hefur verið meðal lækna með fundina.

Jólafundur læknaáráðs var haldinn 13. desember 2013 þar sem **Pétur Gunnarsson** rithöfundur hélt tölu með yfirskriftinni “*Þeir áttu afmæli í ár! Albert Camus (100) og Árni Magnússon (350)*”.

Jólafundurinn var að venju mjög vel sóttur og ánægjulegt að sjá hve margir kollegar sem látið hafa af störfum mæta á fundinn.

5. Ályktanir aðalfundar læknaáráðs 17. maí 2013

Á aðalfundi læknaáráðs 17. maí 2013 voru samþykktar tvær ályktunartillögur (fylgiskjal nr. 7). Báðar ályktunartillögurnar voru áskorun til stjórnvalda, sú fyrri var áskorun til stjórnvalda að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta. Sú seinni var áskorun á komandi ríkisstjórn eftir kosningar vorsins að setja heilbrigðismál í forgang. Umræður voru um ályktanirnar og var þeim vísað aftur til stjórnar læknaáráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Fyrri ályktun aðalfundarins hljóðaði svo:

Landspítalinn er rekinn í um 100 byggingum á 16 stöðum viðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Viðhald á þessum byggingum hefur setið á hakanum í niðurskurði undanfarinna ára. Áhrifa þess er farið að gæta í lélegum húsakosti. Brynt er fyrir starfsemi spítalans, ekki síst þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra, að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Læknaáráð Landspítala skorar á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta.

Seinni ályktunin var svohljóðandi:

Niðurskurður hin síðari ár hefur gengið nærri starfsemi Landspítalans. Hann hefur leitt til fækkunar á sjúkkrarúmum og á starfsfólki þrátt fyrir aukin verkefni. Úrræðum utan spítalans eru um margt ábótavant meðal annars fyrir aldraða og geðfatlaða. Valstarfsemi hefur dregist saman og biðlistar fyrir sjúklinga lengjast.

Læknaáráð Landspítala skorar á þá ríkisstjórn sem nú tekur við að setja heilbrigðismál í forgang.

6. Aðrar ályktanir frá læknaáráði Landspítala 2013-2014

Ályktanir frá læknaáráði á starfsárinu má sjá í fylgiskjöllum 7-10.

Tvær ályktanir sendi læknaáráð frá sér til framkvæmdastjórnar spítalans og stjórnvalda vegna ástandsins og mönnunareklu á lyflækningasviði Landspítala, sú fyrri var send 13. júní og hin síðari þann 3. september 2013 (fylgiskjöl nr. 8-9).

Fjórða ályktun frá læknaáráði var send frá ráðinu í kjölfar fjárlagafrumvarpsins og var send út 25. október með áskorun til stjórnvalda að setja Landspítalann í forgang og tryggja þannig nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem nauðsynleg er starfsemi spítalans (fylgiskjal nr. 10).

7. Starfsreglur læknaáráðs

Læknaáráð starfar samkvæmt samþykktum starfreglum frá því í maí 2010 og má lesa þær í heild sinni aftar í ársskýrslunni (fylgiskjal nr. 1). Engar breytingar voru gerðar á starfsreglum á liðnu starfsári og engar breytingatillögur liggja fyrir aðalfund þetta árið.

8. Starfs- og gjafasjóður læknaáráðs

Starfs- og gjafasjóður læknaáráðs starfar samkvæmt reglum sem settar voru árið 2003. Iðgjöld í sjóðinn eru valgreiðslur fyrir alla sérfræðinga starfandi við LSH og var iðgjaldið hækkað á síðasta aðalfundi úr 1.500 kr. í 2.000 kr. Tillaga frá stjórn sjóðsins á aðalfundi 2013 var samþykkt um að breyta greiðslufyrirkomulagi í sjóðinn þannig að nú voru eingöngu sendir greiðsluseðlar í heimabanka þeirra sem eru í læknaáráði. Í stjórn starfs- og gjafasjóðs sitja formaður, varaformaður og aðalfulltrúi úr læknaáráði, sem hefur verið Birna G. Þórðardóttir geðlæknir s.l. starfsár. Starfs- og gjafasjóður Læknaáráðs færir læknum spítalans gjafir á merkisdögum í lífi þeirra, það er á sextugs- og sjötugsafmæli þeirra eða við starfslok vegna aldurs. Einnig er hlutverk sjóðsins að minnast látinna starfsfélaga með því að senda krans eða blómaskreytingu við andlát. Við héldum þeirri nýbreytni sem hófst 2012 að gjafir til þeirra kollega sem urðu 70 ára á árinu 2013 voru afhentar á fjölmönnum jólafundum fræðslunefndar læknaáráðs í desember. Almenn ánægja fundarmanna var um þetta fyrirkomulag og þykir hátíðleg stund.

Að þessu sinni voru það eftirtaldir lækna sem urðu 70 ára á árinu 2013;

Hörður Alfreðsson, brjóstholsskurðlæknir

Sigurður B. Þorsteinsson, smitsjúkdómalæknir

Þórarinn Arnórsson, brjóstholsskurðlæknir

Kristján Róbertsson, röntgenlæknir

Þórarinn E. Sveinsson, krabbameinslæknir



Á myndinni eru frá vinstri; Hörður Alfreðsson brjóstholsskurðlæknir, Kristján Róbertsson röntgenlæknir, Anna Gunnarsdóttir formaður læknaáðs Landspítala, Þórarinn E. Sveinsson krabbameinslæknir, Jón R. Kristinsson barnalæknir og Þórarinn Arnórsson brjóstholsskurðlæknir. Einar Oddsson meltingarlæknir og Sigurður B. Þorsteinsson smitsjúkdómalæknir komust ekki á fundinn.

Yfirfarnir reikningar sjóðsins hafa verið samþykktir af stjórn læknaáðs án athugasemda (fylgiskjal nr. 2). Tap á rekstri sjóðsins nam 133.656 kr., heldur meira en árið áður þrátt fyrir hækkun iðgjalda og lækkun gjafa- og bankakostnaðar. Iðgjaldatekjur eru lægri en árið áður og vill stjórn læknaáðs því hvetja lækna að taka þátt í starfsemi sjóðsins með framlögum sínum.

9. Nefndir læknaáðs

Samkvæmt starfsreglum Læknaáðs eru fastanefndir þrjár, það eru;

- 1) Stöðunefnd, formaður **Sigurður Kristjánsson**.
- 2) Fræðslunefnd, formaður **Páll E. Ingvarsson**.
- 3) Valnefnd, formaður **Gylfi Óskarsson**.

Engar breytingar hafa verið á erindisbréfi né starfsemi stöðunefndar á síðastliðnu starfsári.

Valnefndin vann heilmikið starf fyrir aðalfund 2013 þar sem miklar mannbreytingar urðu í stjórn læknaáðs það árið. Eru stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og því liggja ekki fyrir neinar breytingar á stjórnarmönnum fyrir þennan aðalfund.

Fræðslunefnd hefur skipulagt mánaðarlega fræðslufundi, og sjá má fundarefni í fylgiskjali 16.

Formenn nefnda hafa gert skriflega grein fyrir starfi sínu á liðnu starfsári og má lesa skýrslur þeirra aftar í þessari ársskýrslu (bls. 11-12).

10. Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa tilnefnda af læknaáði

Læknaáð á fulltrúa í allmörgum nefndum á vegum framkvæmdastjórnar Landspítala. Þessar nefndir og fulltrúar læknaáðs eru tilgreindir í eftirfarandi töflu. Sjá má ársskýrslur eftirfarandi nefnda (bls. 13-18).

Breytingar voru gerðar á stjórn Vísindaráði Landspítala nú á vordögum þar sem fulltrúum var fjölgað í ráðinu og skipar nú læknaáð tvo aðalfulltrúa og tvo varamenn í vísindaráð. Magnús Gottfredsson sagði sig úr vísindaráði þegar hann tók við stöðu yfirlæknis vísindadeildar á vísinda- og þróunarsviði Landspítala og tók Jón Jóhannes Jónsson við stöðu hans. Við bættust einnig Þorvarður Löve og Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir sem varamaður hans.

Nefnd	Fulltrúi læknaáðs	Varamaður
Lyfjanefnd	Hlíf Steingrimsdóttir	Kjartan J. Kjartansson
Síðanefnd	Sigrún Reykdal	Inga S. Þráinsdóttir
Siðfræðinefnd	Halldór Kolbeinsson	Jakob Jóhannsson
Eftirlitsnefnd um sjúkraskrár	Halldóra Jónsdóttir	
Vísindaráð	Gísli H. Sigurðsson	Magnús Gottfredsson/Jón Jóhannes Jónsson
	Þorvarður Löve	Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir hjartalæknir, var skipaður fulltrúi læknaáðs í samstarfshóp framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga til að bæta stöðu lyflækningasviðs og skilaði sá hópur af sér ítarlegri skýrslu um ýmsar hugmyndir um verkaskiptingu og samstarf á lyflækningasviði/lyflækningasviði Landspítala í nóvember 2013. Voru margar þessara hugmynda kynntar fyrir starfsmönnum lyflækningasviðs á opnum fundum í Fossvogi og á Hringbraut í febrúar 2014.

Helstu umfjöllunarefni stjórnar lækna ráðs starfsárið 2013-2014

Lyflækningasvið Landspítala

Mál málanna fyrir stjórn lækna ráðs á þessu starfsári verður að teljast málefni lyflækningasviðs og staðan þar. Vorið 2013 var mjög viðburðaríkt fyrir Landspítalann þar sem má segja að áhrif hins mikla niðurskurðar sem hefur einkennt rekstur spítalans hin undanfarin ár kom bersýnilega fram og vildu margir meina að nú væri botninum náð eða jafnvel svo að við værum þegar komin fram af bjargarbrúninni.

Mikið álag, gangainnlagnir, ógn við öryggi sjúklinga, mannekla, lág laun og lélegur tækja- og húsakostur einkenndi ástandið og umræðuna. Uppsagnir fjölda starfsmanna í hinum ýmsum starfstéttum var raunveruleiki sem þó sem betur fór tókst að snúa við að mestu leyti.

Ljóst var að mannekla var mikil meðal almennra lækna á lyflækningasviði Landspítala og til að mæta mönnunarþörf sviðsins yfir sumartímann voru ráðnir rúmlega tuttugu læknanemar til að gegna störfum deildarlækna og kandiðata. Þetta hafði óhjákvæmilega þau áhrif að mun meira álag var á þá deildarlækna og kandiðata sem fyrir voru og sérfræðinga starfandi við sviðið. Lækna ráð sendi frá sér ályktun snemma í júní (fylgiskjal nr. 8) og lýsti yfir áhyggjum sínum af stöðunni með áskorun til stjórnvalda og framkvæmdastjórnar spítalans að koma til að koma á móts við almenna lækna og setja það sem eitt af forgangsverkum að efla aðstöðu, aðbúnað og kennslu almennra lækna á sviðinu. Skipuð var nefnd s.k. “Óskarsnefndin” til að vinna með almennum læknum að hugmyndum og tillögum að bættu fyrirkomulagi sem skilaði af sér tillögum í lok apríl 2013.

Engar stærri breytingar urðu yfir sumartíman og skapaðist neyðarástand í lok sumars þegar læknanemar hurfu aftur til náms og nýútskrifaðir almennir lækna réðu sig ekki til vinnu á lyflækningasviði. Því voru einungis tæplega helmingur lækna staða almennra lækna mannaðar við sviðið. Lækna ráð sendi á ný frá sér ályktun í byrjun septembers vegna ástandsins með áskorun á yfirstjórn spítalans að bregðast við (fylgiskjal nr. 9).

Þetta ástand kallaði á bráðaáðgerðir í skipulagningu á læknaþjónustu innan sviðsins með m.a. tilfærslu á verkefnum almennra lækna til sérfræðinga, sem þegar voru ofhlaðnir störfum. Þessar áðgerðir voru kynntar af Birni Zoëga þáverandi forstjóra Landspítala, Kristjáni Þ. Júlíussyni heilbrigðisráðherra og Vilhelminu Haraldsdóttur þáverandi framkvæmdastjóra lyflækningasviðsins 12. september með sameiginlegri yfirlýsingu. Hafa lækna lyflækningasviðsins unnið eftir þessu breyttu fyrirkomulagi frá því í september 2013.

Of langt mál er að rekja allt það sem rætt var og tekið var fyrir á þessum tíma en bæði formaður og varaformaður lækna ráðs tóku

þátt í mörgum fundum lyflækningasviðs og fengum við einnig fulltrúa lækna, bæði almennra lækna og sérfræðinga á fund til stjórnar lækna ráðs á þessum tíma. Einnig komu Vilhelminu Haraldsdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs og Már Kristjánsson framhaldsmenntunarstjóri á lyflækningasviðinu á fund stjórnar lækna ráðs í byrjun september.

Almennur lækna ráðsfundur var haldinn föstudaginn 20. september til að fjalla um stöðuna á lyflækningasviði Landspítalans (fylgiskjal nr. 12). Voru þar frummælendur Hrönn Ólafsdóttir deildarlæknir, Friðbjörn Sigurðsson sérfræðilæknir, Karl Andersen sérfræðilæknir og prófessor og Björn Zoëga þáverandi forstjóri. Fundarmenn voru sammála um að stanslaus niðurskurður á Landspítala ásamt auknum verkefnum og vaxandi meðalaldri þjóðarinnar hefði bitnað mjög á spítalanum og þjónustu hans við sjúklinga og að öryggi sjúklinga væri stefnt í hættu. Grein eftir varaformann lækna ráðs birtist einnig í Fréttablaðinu 19. september í aðdraganda fundarins (fylgiskjal nr. 17). Lækna félag Íslands stóð einnig fyrir almennum fundi lækna um málefni lyflækningasviðsins fyrr þann sama mánuð, fleiri greinaskrif voru frá einstökum læknum og hópum lækna m.a. Prófessoraráði Landspítalans og má því fullyrða að lækna almennt og lækna samttök hafi haft verulegar áhyggjur af stöðu mála.

Björn Zoëga lét síðan af störfum sem forstjóri Landspítala þann 27. september og **Páll Matthíasson** geðlæknir og framkvæmdastjóri geðsviðsins var skipaður forstjóri tímabundið þann 30. september af heilbrigðisráðherra.

Í kjölfar yfirlýsingar heilbrigðisráðherra og forstjóra 12. september var **Friðbjörn Sigurðsson** ráðinn yfirlæknir almennra lyflækninga tímabundið frá 1. október í 6 mánuði. Hann var á sama tíma formaður sérstaks starfshóps lækna sviðsins sem skila áttu forstjóra og framkvæmdastjórn LSH skriflegum tillögum um framtíðarskipulag og skilgreiningu verkefna á lyflækningasviði og mat á mannaflsþörf. Í þeim hópi voru einnig lækna Hlíf Steingrimsdóttir, Runólfur Pálsson, Arna Guðmundsdóttir, Karl Andersen, Anna Björg Jónsdóttir og Margrét Jóna Einarsdóttir.

Undir forystu framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga var skipaður samstarfshópur hinna ýmissa fagstétta spítalans til að koma með tillögum um hvernig hægt væri að auka stuðning við störf lækna á lyflækningasviði með að nýta betur krafta og hæfni annarra starfstétta. **Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir** hjartalæknir, var skipaður fulltrúi lækna ráðs í þennan samstarfshóp og skilaði sá hópur af sér ítarlegri skýrslu um ýmsar hugmyndir um verkaskiptingu og samstarf á lyflækningasviði Landspítala í nóvember 2013. Voru margar þessara hugmynda kynntar fyrir starfsmönnum lyflækningasviðs á opnum fundum í Fossvogi og á Hringbraut í febrúar 2014.

Davíð O. Arnar hjartalæknir var skipaður nýr framkvæmdastjóri lyflækningasviðs 18. nóvember þegar Vilhelminu Haraldsdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra lyflækningasviðs. Kom Davíð á fund stjórnar lækna ráðs í janúar 2014 þar sem hann greindi frá stöðu mála og framtíðarsýn fyrir sviðið. Ljóst er að ýmsar breytingar voru í bígerð og aðrar komnar til framkvæmda

til að efla almennar lyflækningar og bæta aðstöðu og kennslu almennra lækna og að vilyrði væru fengin fyrir fjárveitingum í lykilverkefni. Ljóst er að vandi lyflækningasviðsins er fjölþættur en meðal annars léleg mönnun almennra lækna, mikið álag á sérfræðingum og hjúkrunarfræðingum. Léleg vinnuástanda, landflótti heilbrigðisstarfsfólks og erfiðleikar í nýliðun. Markvisst hefur þó verið unnið í þessum málum og sem merki um viðsnúning á sviðinu sóttu 25 almennir lækna um 12 stöður deildarlækna sem voru auglýstar í janúar s.l. og verður það mikill styrkur fyrir lyflækningasviðið þegar þeir koma til starfa. Vandí sviðsins er þó ekki leystur og enn þarf að vinna áfram að umbótum og standa sumar sérgreinar eins og krabbameinslækningar og nýrnalækningar sérstaklega illa hvað mönnun varðar.

Rekstur og fjárveitingar til Landspítala

Alþingiskosningar voru vorið 2013 og var ánægjulegt að sjá hversu hin ýmsu fagfélög lækna ásamt lækna- og hjúkrunarráði Landspítala hjálpuðust að til að vekja athygli stjórnmalamanna og almennings á stöðu Landspítalans og heilbrigðismála almennt, og gera þannig heilbrigðismál að kosningamáli sem tók stóran sess í umræðunni. Sem merki um áherslu á heilbrigðismál eftir kosningar var skipaður sérstakur heilbrigðisráðherra til að sinna þessum mikilvæga málaflökki.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014 kom því eins og blaut tuska í andlitið á heilbrigðisstarfsfólki þegar það var birt í byrjun október 2013 þar sem meðal annars var eingöngu gert ráð fyrir 262 milljónum til tækjakaupa á Landspítala, óbreytt frá frumvarpi fyrra árs. Var nokkuð ljóst að þessi upphæð næði engan veginn að mæta bráðri þörf spítalans fyrir nauðsynlegum tækjum og uppfærslum. Málið var í hávegum haft í fjölmiðlum og var forstjóri nánast daglega sýnilegur í hinum ýmsu fjölmiðlavökum til að tala máli spítalans. Formaður lækna ráðs var í viðtali í Kastljósi 1. október ásamt heilbrigðisráðherra, Eygló Ingadóttur formanni hjúkrunarráðs Landspítala og Kára Stefánssyni. Almennur lækna ráðsfundur var haldinn 25. október með nýjum forstjóra Páli Matthíassyni sem ræddi framtíðarsýn og fjárhagslega stöðu spítalans (fylgiskjal nr. 13). Fundarmenn sendu frá sér ályktun með fyrirsögninni **“Landspítali í forgang!”** (fylgiskjal nr. 10) með áskorun til Alþingis að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 m.t.t. þarfa spítalans. Fjárlagafrumvarpið tók þó töluverðum breytingum í umfjöllun Alþingis og mörkuðu þau tímamót þar sem í fyrsta skipti í langan tíma voru fjárveitingar auknar til Landspítala. Meðal annars voru fjárveitingar til tækjakaupa og viðhalds auknar um einn milljarð.

Nýr Landspítali

Aðalfundur lækna ráðs Landspítala sendi frá sér enn á ný ályktun aðalfundar í maí 2013 (fylgiskjal nr. 7) með áskorun á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta.

Ljóst er að húsnæðisvandi spítalans er gríðarlegur og framtíðarlausn hlýtur að felast m.a. í sameiningu á starfsemi á einn stað. Hægt gengur þó með áætlanir nýja Landspítalans og bíðum við enn varanlegrar lausnar á húsnæðisvanda spítalans. Stjórn lækna ráðs sendi frá sér umsögn varðandi þingskjal 10. -10. mál er varðar tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala 27. nóvember 2013 (fylgiskjal nr. 6). Fór varaformaður á fund velferðanefndar Alþingis ásamt fleirum starfsmönnum Landspítala til að ræða málið nánar.

Umsóknir um stöður sérfræðinga á Landspítalanum

Samtals barst 21 umsókn í 16 auglýstar stöður sérfræðilækna á starfsárinu sem stöðunefnd lækna ráðs fjallaði um og mat. Þessar stöður voru í 14 mismunandi sérgreinum og voru því að meðaltali 1,3 umsóknir um hverja stöðu sem er töluvert færri en fyrra starfsár. Aðeins í fjórum tilfellum voru fleiri en einn umsækjandi um hina auglýsta stöðu. Þessi staðreynd er klárlega áhyggjuefni og ljóst er að hér þarf verulega innspýtingu í að gera störf sérfræðinga aðlaðandi og áhugaverð til að lokka heim unga sérfræðinga til starfa á Landspítala.

Magni-rannsóknasjóður

Ákveðið var að leggja niður Magna-rannsóknasjóð á vori 2014. Mun það fjármagn sem var í sjóðnum renna inn í Landspítalasjóð Íslands sem er í umsjá þróunar- og vísindsviði Landspítala.

Vísindaráð Landspítala

Áveðið var í framkvæmdastjórn Landspítala að fjölga fulltrúum í vísindaráði Landspítala í tíu fulltrúa. Koma það í hlut lækna ráðs að tilnefna einn fulltrúa til viðbótar þess sem fyrir var og varamann fyrir hann. Einnig hafði varamaður formanns sem einnig er skipaður af lækna ráði sagt sig úr ráðinu vegna annarra starfa. Nýir fulltrúar fengust til starfa og voru skipaður í vísindaráð. Sjá yfirlit bls 7 í skýrslu formanns.

Aðrar fyrirspurnir

Helst má nefna fyrirspurn frá læknum Friðbirni Sigurðssyni og Runólfi Pálssyni þar sem spurt var hvort lækna ráð hefði fengið sent til umsagnar mál sem varðar fyrirhugað samstarf Landspítala við Íslenska erfðagreiningu. Ekki hafði það verið sent stjórn lækna ráðs Landspítala til umsagnar og voru stjórnarmenn sammála að það væri miður. Skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, gr. 13 hefði verið eðlilegt að slíkt erindi bærst stjórn lækna ráðs frá framkvæmdatjórn Landspítala til umsagnar áður en að ákvörðun er tekin um slíka breytingu á þjónustu spítalans gagnvart sjúklingum hans.

Önnur fyrirspurn barst frá röntgenlæknum Hjalta Má Þórisyni, Pétri H. Hannessyni og Maríönnu Garðarsdóttur varðandi ómskoðanir sem framkvæmdar eru á Landspítala. Þar kom fram áhyggjur þeirra á faglegum og skráningarlegum þætti ómrannsóknna á Landspítala. Meðfylgjandi voru tillögur að úrbótum varðandi þessa þætti. Komu Hjalti og Maríanna á fund stjórnar lækna ráðs og formaður átti fundi með fulltrúum bráðalækna í Fossvogi. Einnig var haldinn fræðslufundur 11. október þar sem nafnarnir Hjalti Már röntgenlæknir og bráðalæknir tókust á um kosti og galla ómskoðunar á bráðamóttöku og á röntgendeild. Málið var tekið fyrir í stjórn lækna ráðs og voru fulltrúar ráðsins sammála um mikilvægi skráningar og geymslu á myndefni sem verður vonandi til bóta með nýjum tækjabúnaði. Fyrirspurninni er vísað áfram til framkvæmdastjóra lækninga með ósk eftir verklagsreglum um ómskoðanir á Landspítala.

Að lokum

Stjórn lækna ráðs hefur komið að vinnu með mannauðssviði og siðfræðinefnd Landspítala um drög að mannauðsstefnu og siðareglum Landspítala. Siðareglur og mannauðsstefna Landspítala var gefið út á árinu og má sjá á heimasíðu Landspítala;

Formaður lækna ráðs sat reglulega fundi með Ólafi Baldurssyni framkvæmdastjóra lækninga. Mörg málefni voru rædd sem síðar voru tekin fyrir á stjórnarfundum lækna ráðs. Mikilvægt er að halda áfram þessum samráðsfundum til að auðvelda aðgengi lækna ráðs að framkvæmdatjórn spítalans með hin ýmsu málefni sem snerta lækna, störf þeirra og þjónustu við sjúklinga þeirra.

Formaður sat einnig fundi með forstjóra Landspítala, Birni Zoëga og voru sumir þeirra upplýsingafundir ásamt formanni hjúkrunarráðs Landspítala.

Almennt má segja að góð samskipti hafi verið milli stjórnar lækna ráðs, framkvæmdastjóra lækninga og forstjóra Landspítala.

Formaður hefur einnig fundað með Eygló Ingadóttur formanni hjúkrunarráðs Landspítala og arftaka hennar Guðnýju Friðriksdóttur og einnig Bryndísi Hlöðversdóttur nýjum starfsmannastjóra Landspítala.

Formaður hefur setið í stjórn Magna, Tækjasjóði Landspítala og Landspítalasjóði Íslands.

Þá hefur formaður tekið þátt í aðalfundi LÍ og formannafundi LÍ.

Þrátt fyrir átök og erfiðleika á s.l. ári horfum við bjartsýn fram á vegin. Með breyttum áherslum frá nýjum forstjóra þar sem mannauðurinn er í hávegum hafður eru stjórnarmenn lækna ráðs sammála um að meiri jákvæðni og bjartsýni sé til staðar hjá starfsfólki Landspítala og með sameinuðu átaki náum við að koma okkur þangað sem við ætlum okkur með þarfir sjúklinga okkar að leiðarljósi.

Að lokum vil ég fá að kveðja ykkur með smá sænsku inn í sumarið...

Uppát, framát!

...því þangað viljum við öll stefna

Anna Gunnarsdóttir dr. med.

Formaður lækna ráðs Landspítala



með "selfie" sumarkveðju frá stjórninni!

Skýrslur nefnda læknaáðs starfsárið 2013-2014

Ársskýrsla fræðslunefndar júní 2013 – maí 2014

Páll E. Ingvarsson, formaður

Örn Þ. Þorvarðarson, ritari.

Fulltrúar fræðslunefndar:

Geðsvið: Lára Björgvinsdóttir, varamaður Halldóra Jónsdóttir;

Kvenna- og barnasvið: Ragnar Bjarnason, varamaður Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir;

Lyflækningasvið: Ásgerður Sverrisdóttir, varamaður Þórunn Jónsdóttir;

Rannsóknarsvið: Reynir Arngrímsson, varamaður Ólöf Sigurðardóttir

Skurðsvið: Kristinn Sigvaldason, varamaður Elsa Valsdóttir

Bráðasvið: Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, varamaður Steinunn GH Jónsdóttir.

Núorðið er varla lengur hægt að kalla fyrirkomulag fræðslunefndarfundar „nýja“ fyrirkomulagið, en þetta starfsár var sjötta árið með mánaðarlegum fundum annan föstudag hvers mánaðar kl 08-09, í stað vikulegra föstudagsfunda kl 13. Það voru samtals haldnir átta fræðslufundir á starfsárinu: þrjár fyrir áramót; 13/9, 11/10 og 8/11 2013, og fimm á vorönn; 10/1, 14/2, 14/3, 11/4 og 9/5 2013. Þar að auki var jólafundar læknaáðs haldinn þann 13/12 2013 kl. 13 - 14.

Aðsóknin hefur verið áfram góð, í nokkur skipti um og yfir 100 manns sem er nánast húsfyllir, m.a. á vinsælan fyrirlestur Hjartar Gíslasonar og Björns Geirs Leifssonar um hjáveituaðgerðir við offitu. Þetta var þriðja árið í röð sem fjallað var um Nóbelsverðlaunahafa ársins og verk þeirra, í þetta sinn var það Helga Ögmundsdóttir prófessor sem skilaði með miklum ágætum erindi um „Skipulag vöruflutninga“, sem þó fjallaði hvorki um Eimskip né Landflutninga, heldur um vöruflutninga innan frumunnar. Eftir því sem við í fræðslunefndinni gátum best heyrt og séð eru viðbrögð mjög margra það jákvæð og ánægja fundargesta það mikil, að allt bendir til að þetta sé hefð sem er komin til að vera, alla vega enn um sinn.

Fyrir jólafundin fengum við annað árið í röð veglegan stuðning frá framkvæmdastjóra lækninga, Ólafi Baldurssyni, sem gerði okkur kleift að bjóða Pétri Gunnarssyni rithöfundinum að halda mög vel sóttan jólafund. Pétur kom víða við, en hann fjallaði

einkum um tvö afmælisbörn á árinu, Albert Camus (sem fæddist 1913) og Árna Magnússon (sem fæddist fyrir 350 árum síðan). Ógleymanleg hátíðarstund, sem hélt áfram með því að Anna Gunnarsdóttir, formaður Læknaáðs, kvaddi samstarfsmenn sem hættu störfum á árinu, með stuttu ávarpi og gjöf. Það virðist einnig vera almenn ánægja og sátt með að lok jólafundar sé heppilegur staður og stund fyrir slíka athöfn.

Tæknimál hafa verið ævintýraleg á köflum, þar hafa skipst á skin og skúrir. Það er ávallt spennandi að sá hvort myndvarpinn kemst í gang að morgni án aðstoðar tæknimanns (sparnaðaráform hjá HUT) og það var sérstaklega athyglisvert þegar búið var að skipta út öllum stýribúnaði, sem fræðslunefndarmenn loksins voru farnir að kunna einhver tók á, en glænýr búnað kominn án þess að einn stafur með leiðbeiningum fannst á svæðinu. „Trial and error“ var óspart notað, einkum hið síðarnefnda. Okkur var einnig tjáð fyrir jólafundinn, að starfsmenn HUT höfðu sjálfir verið með fund í síðustu viku og ekki tekist að koma hátalarakerfinu í gang, svo að hátíðartalarinn varð að tala án hljóðnema. Sem betur fer er hljómburðurinn í Hringalnum allþokkalegur. Á vordögum tók allt í einu einhver eftir því að hátalarar virkuðu, og smám saman höfum við líka lært að einhverju leyti á nýja búnaðinn. Nú fer maður jafnvel að vera heimtufrekur og óska eftir því að fjarfundarbúnaður m.a. til Fossvogsvogs verði settur upp á ný ...

Við kosningar á síðasta aðalfundi Læknaáðs komu fimm nýjrir menn í fræðslunefnd. Við þökkum þeim sem kvöddu nefndina fyrir vel unnin störf, en það er einnig ánægjulegt að fá ferskt blóð og nýjar hugmyndir inn í nefndarstöf, eins og hefur sést nú þegar í nokkrum tilvikum í vali á fundarefni. Það er ávallt erfitt að finna rétta jafnvægið milli þess að annars vegar vera vel skipulagður og gefa fyrirlesurum nægilegt ráðrúm til þess að undirbúa sig og hins vegar ósk um að geta tekið til umræðu „fréttir dagsins“ sem allra fyrst. Áform nefndarinnar hafa þó mestmegnis gengið eftir. Stundum getur að visu lífið orðið spennandi, eins og t.d. í eitt sinn s.l. vetur þegar tveir fyrirhugaðir fyrirlesarar forfölluðust og sá þriðji varð að afþakka vegna óheppilegrar tímasetningar, en í þetta sinn fannst samt góð lausn, með áhugaverðu fundarefni, með mjög stuttum fyrirvara. Þó viljum við hvetja lesendur þessarar ársskýrslu til þess að halda áfram að koma góðum hugmyndum og fyrrispuðum á framfæri til nefndarmanna; án upplýsinga, fyrirspurna og hugmynda frá ykkur væru fundarefni fræðslunefndar mun rýrari og ómerkilegri en þau þó hafa náð að verða, þökk sé ykkar stuðningi.

Ársskýrsla stöðunefndar læknaáðs Landspítala starfsárið 2013-2014

Í nefndinni áttu sæti:

Sigurður Kristjánsson, formaður,

Fulltrúar sviða:

Guðmundur Sigþórsson, rannsóknarsviði,
varam. Ágústa Andrésdóttir,

Gunnar Auðólfsson, skurðsviði,
varam. Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir,

María Gunnbjörnsdóttir, lyflækningasviði,
varam. Karl Andersen,

Halldóra Jónsdóttir, geðsviði,
varam. Magnús Haraldsson,

Kristján Óskarsson, kvenna- og barnasviði,
varam. Karl Ólafsson,

Theódór Friðriksson, slysa- og bráðasviði,
varam. Elísabet Benediktz.

Nefndin starfaði á hefðbundinn hátt þetta starfsár, samkvæmt erindisbréfi og þeim reglum og leiðbeiningum sem í gildi eru um feril umsókna og stöðuveitingar á Landspítala.

Hlutverk stöðunefndar læknaáðs er að fjalla um og meta umsóknir um allar auglýstar stöður sérfræðilækna á Landspítala. Til grundvallar umfjöllunar eru lögð viðkomandi stöðuauglýsing og innsend gögn umsækjenda, sem nefndinni berast frá yfirlækni eða framkvæmdastjóra sviðsins. Um hverja stöðuumsókn fjalla tveir nefndarmenn auk formanns. Áskilið er að einn nefndarmanna komi frá því sviði sem auglýst hefur stöðuna. Að lokinni umfjöllun og eftir að hver umsækjandi hefur fengið tækifæri til að sjá þann hluta álitsins sem varðar hann sjálfan, er skriflegt álit matshópsins lagt fyrir stjórn læknaáðs til endanlegrar afgreiðslu.

Á starfsárinu fjallaði nefndin um 16 auglýstar stöður sérfræðilækna í 14 mismunandi greinum lækninga. Samtals bárust 21 umsóknir sem voru ítarlega yfirfarnar og metnar af tilnefndum nefndarmönnum í viðkomandi matshópi. Matsgerðunum var skilað til stjórnar læknaáðs til formlegrar staðfestingar, en þaðan fara þær til viðkomandi sviðs.

Auglýstar stöður sem nefndin fjallaði um voru talsvert færri á þessu starfsári en því síðasta (16 á móti 23). Umsóknir lækna voru sömuleiðis færri (1,3 á hverja stöðu) en á síðasta starfsári (2,3 á stöðu). Af þeim 16 stöðum sem auglýstar voru á starfsárinu og læknaáð fjallaði um, voru aðeins í 4 tilfellum fleiri en einn umsækjandi, sem veldur áhyggjum formanns.

Unirritaður þakkar nefndarmönnum fyrir að undantekningarlaust taka að sér umbeðin verkefni og vinna þau vel. Sömuleiðis eiga Örn Þ. Þorvarðarson, skrifstofustjóri læknaáðs, og Anna Gunnarsdóttir, formaður læknaáðs, þakkir skildar gott samstarf.

Sigurður Kristjánsson, formaður.

Valnefnd læknaáðs

Þar sem ekki er kosið til stjórnar eða nefnda læknaáðs LSH nema annað hvert ár hefur valnefnd læknaáðs ekki haft nein verkefni á þessu starfsári.

Gylfi Óskarsson, formaður valnefndar læknaáðs LSH

Árskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa lækna ráðs LSH

Lyfjanefnd LSH

Greinargerð um starfsemi lyfjanefndar árið 2013

29.04.2014

Skipulag lyfjanefndar LSH var breytt í upphafi árs 2013. Nefndin var færð frá framkvæmdastjóra lækninga undir lyflækningasvið og deild lyfjamála var lögð niður. Einar Stefán Björnsson er áfram formaður lyfjanefndar en auk hans eiga sæti í nefndinni yfirlæknar þeirra sérgreina sem mest nota af leyfisskyldum lyfjum, svo sem krabbameinslækninga, blóðlækninga, taugalækninga, gigtlækninga og meltingarlækninga eða fulltrúar þeirra. Óskar Einarsson er skipaður af framkvæmdastjóra lækninga og Gyða Baldursdóttir af framkvæmdastjóra hjúkrunar og er Hlíf Steingrímsdóttir fulltrúi lækna ráðs. Einnig eiga sæti í nefndinni fulltrúar annarra kílínískra sviða, sjúkrahúsapóteks, fjármálasviðs og vísinda og þróunarsviðs.

Nefndin fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði og eru helstu mál sem fjallað var um á síðasta starfsári reifuð hér að neðan.

Áætlun vegna leyfisskyldra lyfja. Í upphafi árs var gerð krafa um 240 milljóna niðurskurð á áætlun LSH vegna leyfisskyldra lyfja fyrir árið 2013. Töluverð vinna fór í að ræða aðhaldsaðgerðir og niðurskurð á áætlun til að uppfylla þessa kröfu. Á seinni helmingi ársins var hafin vinna við áætlun vegna ársins 2014.

Lyfjakostnaður. Á hverjum fundi lyfjanefndar var farið yfir lyfjakostnað og hvernig hann er að þróast borið saman við undanfarin ár og áætlanir.

Umsóknir um notkun leyfisskyldra lyfja. Þau tilfelli þar sem óskað var eftir notkun leyfisskyldra lyfja en ekki búið að samþykkja kílínískar leiðbeiningar eða ábending ekki í samræmi við leiðbeiningarnar voru borin upp í lyfjanefndinni. Sá sérfræðingur sem óskaði eftir viðkomandi meðferð kom á fund nefndarinnar og kynnti tilfellið og niðurstöður rannsókna sem lágu að baki. Fjöldmörg slík erindi voru rædd.

Önnur mál voru fjöldmörg og má þar nefna, nýtt greiðsluþátttökukerfi sem tók gildi í maí 2013, niðurstöður útboða, öryggismál við lyfjaávisanir, endurbætur á lyfjagátt, samskipti við Sjúkratryggingar Íslands og margt fleira.

Varðandi ítarlegri upplýsingar um þau fjöldmörgu mál sem rædd voru á fundum lyfjanefndar á árinu vísast í fundargerðir sem eru aðgengilegar á heimasíðu Landspítala.

Virðingarfyllt

Hlíf Steingrímsdóttir, læknir

Fulltrúi lækna ráðs LSH í lyfjanefnd.

Siðanefnd LSH

Ársskýrsla Siðanefndar árið 2013

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðisviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri.

Á árinu hætti Rúnar Þór Jónsson lögfræðingur í nefndinni og fyrir hann kom inn Helga Þórðardóttir lögfræðingur. Nefndina skipa eftirfarandi:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal læknir, tilnefnd af lækna ráði
- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands
-Pétur Luðvigsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Forstöðumaður nefndarinnar er Jónína Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur.

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 6 ár.

2008	2009	2010	2011	2012	2013
93	74	67	64	54	56

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2013 og var fjöldi erinda 120. Fyrirspurnir voru 51, nýjar umsóknir 56 og viðbætur/ breytingar 13. Fjöldi umsókna stendur í stað milli ára en veruleg fækkun hefur orðið síðan 2008. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 22, meistara og doktorsverkefni 14 og umsóknir heilbrigðisstarfsmanna 20.

Í haust tók siðanefnd upp nýtt verklagvið mat á afturvirkum rannsóknum og er það nú í samræmi við verklag Vísindasiðanefndar og ákveðið var að auka samstarf milli nefndanna. Nokkrir góðir gestir hafa komið á fundi nefndarinnar og kynnt ýmis málefni sem varða vísindastarfsemi.

Tafla 2 Flokkun erinda, Siðanefnd LSH

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Nemaverkefni	37	38	37	25	28	23	22
Meistara og doktorsverkefni	10	18	7	11	14	13	14
Heilbrigðisstarfsfólk	22	37	30	31	22	18	20

Tafla 3 Flokkun erinda Nemaverkefni, Siðanefnd LSH

Nemar	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Lækna	15	21	25	13	16	15	15
Hjúkrun	9	7	7	5	2	2	2
Sálfræði	4	4	3	4	2	1	2
Geislafræði	4	1		1	4	1	
Lífeindafræði	2		2	2	1		1
Félagsráðgj.	2						
Ijósmóður		3			2	1	1
lyfjafræði		2					
aðrir	1				1	3	1
Samtals	37	38	37	25	28	23	22

Tafla 4 Flokkun erinda. Meistara og doktorsverkefni, Siðanefnd LSH

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Læknisfræði					1		1
Hjúkun	5	7	4	3	4	6	4
Sálfræði		2	1	3		3	1
Sjúkraþjálfun	1	2		2	1		1
Lyfjafræði	2	1		2	2	1	
Iðjuþjálfun		1					
Ljósmóðurfr.	1	1		2			2
Talmeinafr.					1	3	
Félagsráðgjöf					1		1
Lífeindafr.					1		1
Næringarfr.					1		1
Annað	1	4	2		2		2
Samtals	10	18	7	11	14	13	14

Tafla 5 Flokkun erinda heilbrigðisstéttir, Siðanefnd LSH

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Læknar	16	21	21	20	13	8	12
Hjúkrunarfr.	2	6	2	7	4	8	4
Sálfræðingar	1	6	1	2	2		
Sjúkraþjálfun	2	2	3	1	1		2
Iðjuþjálfara			1				
Félagsráðgj			1				
Ljósmæður		1		1	1	1	1
Lyfjafræð.		1	1		1		
Talmeinafr						1	1
Samtals	22	37	30	31	22	18	20

Siðfræðinefnd

Störf Siðfræði nefndar LSH 2012

Megin verkefni siðfræðinefndar er að vera vettvangur um siðfræðileg málefni innan Landspítalans og taka þátt í að móta stefnu og starfsaðferðir sjúkrahússins í siðfræðilegum álitamálum. Siðfræðinefnd er ráðgefandi en ekki úrskurðaraðili í deilumálum. Siðfræðinefnd Landspítala leggur áherslu á gagnkvæma virðingu og samstöðu starfsfólks með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

Siðfræðinefnd er skipuð sjö mönnum þar af á lækna ráð einn fulltrúi. Forstjóri skipar formann, sem er Jón Eyjólfur Jónsson, yfirlæknir. Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Það voru margvísleg erindi sem bárust sem nefndin fjallaði um á fundum sínum 2013-14 og veitti m.a. umsagnir og leiðbeiningar. Verkefni voru m.a.:

- Mönnunarmál, áhyggjur af lækna skorti, viðhorf og álag á starfsfólk.
- Siðfræðileg málefni innan spítalans s.s um trúnað og þagnarskyldu
- Unnið að skipuleggja fræðslu og málþing um siðfræðileg álitafni.
- Langveikir einstaklinga og staða þeirra innan sjúkrahússins.
- Aðgangur sjúklinga að sjúkraskrá
- Siðfræðileg álitamál um forgangs röðun, réttindi sjúklinga og leiðbeiningar gefnar varðandi meðferðarmarkmið hjá einstaklingum með alvarlega sjúkdóma og áverka.

Reykjavík 14.04.14/Halldór Kolbeinsson fulltrúi lækna ráðs

Vísindaráð Landspítala háskólasjúkrahúss

Skýrsla Vísindaráðs starfsárið 2013

Vísindasjóður

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir rúmlega 70 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði Landspítala.

Stjórn vísindasjóðs Landspítala

Björn Zoëga forstjóri, fyrri hluta árs, formaður

Páll Matthíasson tók við sem forstjóri og formaður Vísindasjóðs

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri

Vísindaráð

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð er vísinda- og þróunarsviði Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni þess sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði LSH samkvæmt reglum sjóðsins, og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir, með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Árlega eru haldnir vísindadagar, Vísindi á vordögum, þar sem vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráð LSH er skipað sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir, vísinda- og þróunarsviði.

Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður), tilnefndur af lækna ráði

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur (varaformaður), tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Gunnar Guðmundsson læknir, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands

Halldór Jónsson jr. læknir, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands

Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Varamenn:

Einar Stefán Björnsson læknir, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Hannes Petersen læknir, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands

Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði

Inga Þórsdóttir næringarfræðingur og hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af forstjóra Landspítala

Magnús Gottfreðsson læknir, tilnefndur af læknafráðingum

Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Vísindi á vordögum

Dagskrá Vísinda á vordögum hófst að þessu sinni þann 24. Apríl

Aðalfyrirlæsari var Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur og prófessor og nefndist fyrirlestur hans „Hagnýting vísindalegrar þekkingar -Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum“

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var Karl G. Kristinsson yfirlæknir sýklafræðideildar og prófessor og ungur vísindamaður ársins var Paolo Gargiulo verkfræðingur á vísinda- og þróunarviði og héldu þeir báðir erindi.

Veggspjaldasýning var haldin í K-byggingu. Hún var opnuð 24. apríl og stóð í viku. Þar kynntu vísindamenn á LSH verkefni sín og alls voru sýnd 86 veggspjöld.

Á árinu bárust alls 152 styrkumsóknir til Vísindasjóðs. Vísindaráð hafði umsjón með mati umsókna og alls voru á árinu veittir 119 styrkir, samtals 73 milljónir króna, við þrjár úthlutanir:

Vorstyrkir Vísindasjóðs: Á vísindadögum voru veittir 106 vísindastyrkir. Samtals 54 millj.kr.

Hvatningarstyrkir til sterkra rannsóknahópa sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þrír styrkir voru veittir 29. nóvember, samtals 9 milljónir kr.

Styrkir til ungra vísindamanna: 19. desember voru veittir 10 styrkir til ungra starfsmanna sem stunda klínískar rannsóknir, samtals 10 milljónir króna.

Í lok árs 2013 auglýsti Vísindaráð eftir umsóknum um Nýsköpunarstyrki sem veita á í ársbyrjun 2014. Þetta eru nýir styrkir sem vonandi verður framhald á.



Hvatningarstyrkir 2013

Pálmi Jónsson yfirlæknir og prófessor

Lyflækningasvið, öldrunarlækningar

Samband D-vítamins búskapar við vitræna getu meðal eldra fólks á Íslandi

Helstu samstarfsmenn:

Alfons Ramel næringarfræðingur, Rannsóknarstofa í næringarfræði LSH og HÍ. Gunnar Sigurðsson yfirlæknir, lyflækningasviði. Lenore J. Launer hjá NIA. Milan Chang Guðjonsson faraldsfræðingur, Rannsóknarstofa HÍ og LSH í öldrunarfræðum. Ólöf Guðný Geirsdóttir, næringarfræðingur hjá Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í Öldrunarfræði. Tamarra B. Harris, National Institute of Ageing. Thor Aspelund tölfraðingur, Hjartavernd og HÍ. Vilundur Guðnason forstöðulæknir og prófessor, Hjartavernd.

Sigurður Yngvi Kristinsson sérfræðilæknir og prófessor

Lyflækningasvið, blóðlækningar

Klínískar rannsóknir á góðkynja einstofna mótfnahækkun (MGUS) – fylgikvillar og horfur

Helstu samstarfsmenn:

Vilundur Guðnason forstöðulæknir og prófessor, Hjartavernd. Ola Landgren læknir, National Institute of Health. Magnus Björkholm læknir, Karolinska sjúkrahúsið. Hlíf Steingrimsdóttir yfirlæknir, lyflækningasvið, blóðlækningar. Bjarni A Agnarsson læknir og prófessor, rannsóknarsvið, vefjarannsóknir. Helga Ögmundsdóttir læknir og prófessor.

Tómas Guðbjartsson yfirlæknir og prófessor

Skurðlækningasvið, hjarta- og lungnaskurðlækningar

Árangur hjartaaðgerða

Helstu samstarfsmenn:

Martin Ingi Sigurðsson læknir, Arnar Geirsson sérfræðilæknir, skurðlækningasvið, hjarta- og lungnaskurðlækningadeild, Sólveig Helgadóttir læknir, skurðlækningasvið. Ragnar Danielsen sérfræðilæknir, lyflækningasvið, hjartalækningar. Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækningasvið, nýrnalækningar. Sveinn Guðmundsson yfirlæknir, Blóðbanki.

Styrkir úr Vísindasjóði 2013	Fjöldi umsókna	Fjöldi veittra styrkja	Upphæð
123 Vorstyrkir	123	106	54.000.000
3 Hvatningarstyrkir	15	3	9.000.000
10 Styrkir til ungra rannsakenda	14	10	10.000.000
	152	119	73.000.000

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor, skurðlækningavið, svæfinga- og gjörgæsludeild. Steinn Steingrímsson læknir í sérnámi, geðsvið LSH og Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið í Gautaborg.

Styrkir til ungra vísindamanna 2013

Berglind Harper Kristjánsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Ragnheiður I. Bjarnadóttir sérfræðilæknir

Rannsókn: *Eru tengsl á milli tíðni keisaraskurða og fösturköfnunar á Íslandi undanfarin 30 ár?*

Erlendur Egilsson sálfræðingur

Meðumsækjandi: Ragnar Bjarnason yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Heilsueflandi snjallsímahugbúnaður fyrir ungt fólk*

Guðrún Dóra Bjarnadóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Magnús Haraldsson sérfræðilæknir og dósent

Rannsókn: *Notkun methýlfenídat í æð meðal íslenskra vímuefnaneytenda*

Harpa Viðarsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Þórður Þórkelsson yfirlæknir

Rannsókn: *Miklir þungburar - fylgikvillar fæðingar fyrir móður og barn, áhætta á offitu á barnsaldri og efnaskiptamerki*

Jónína Ingólfssdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gunnar Guðmundsson aðstoðaryfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Miðmætisspeglarir á Íslandi: Ábendingar og árangur*

Karl Erlingur Oddason deildarlæknir

Meðumsækjandi: Baldvin Þ. Kristjánsson sérfræðilæknir

Rannsókn: *Innri geislameðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli á Íslandi*

Marianne Elisabeth Klinke deildarhjúkrunarfræðingur

Meðumsækjandi: Helga Jónsdóttir Hjúkrunarfræðingur og deildarforseti

Rannsókn: *Gaumstol eftir slag í hægri heilahvel*

Rúnar Bragi Kvaran deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *D-vítamínþúskapur hjá bráðveikum sjúklingum*

Sólveig Helgadóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Árangur hjartaaðgerða á Íslandi: Fylgikvillar, langtímahorfur og lifun*

Sólborg Erla Ingvarsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir

Rannsókn: *Endurkomutiðni nýrnasteina hjá börnum.*

Í apríl mánuði 2014

Gísli H Sigurðsson

Formaður Vísindaráðs

Prófessor og yfirlæknir

Svæfinga- og gjörgæsludeild

Landspítali háskólasjúkrahús,

Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá

Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá starfar skv. erindisbréfi frá 2010. Í nefndinni sitja, Niels Chr. Nielsen, formaður, Halldóra Jónsdóttir læknir, sem er fulltrúi læknaáráðs, Jóhann Bjarni Magnússon gæðastjóri hjá heilbrigðis- og upplýsingateknideild og Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur, skipuð af hjúkrunarráði.

Á árinu voru að venju voru skoðuð slembiúrtök nokkurra starfsgreina, þ.e. læknanema á 5. ári, hjúkrunar-nema á 4. ári, gigtækna, iðjuþjálfara, ráðgjafa/stuðningsfulltrúa, áfengis- og vímuefnaráðgjafa og næringarráðgjafa. Engar athugasemdir voru gerðar á grundvelli þessara skoðana.

Að beiðni yfirmanna, voru sex starfsmenn skoðaðir vegna gruns um brot á starfsreglum og var máluð fylgt eftir af viðkomandi yfirmönnum.

Beiðnir bárust frá 26 sjúklingum um lista yfir þá, sem opnað höfðu sjúkraskrá þeirra. Eins og fyrr, var það í nokkrum tilfellum sem viðkomandi óskuðu skýringa á uppfléttingum einstakra starfsmanna. Í þeim tilvikum voru þeir starfsmenn skoðaðir sérstaklega en það leiddi ekki til áminningar.

STARFSREGLUR LÆKNARÁÐS LANDSPÍTALA

I. kafli Skipan og hlutverk

1. grein. Skipan læknaáráðs

Við Landspítala skal starfa læknaáráð í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Í læknaáráðinu eiga sæti allir þeir lækna sjúkrahússins sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundasetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir lækna Landspítalans. Formaður læknaáráðs sker úr, leiki vafi á um rétt til fundarsetu eða um tillögu- og atkvæðisrétt.

2. grein. Hlutverk læknaáráðs

Læknaáráð skal vera stjórnendum Landspítalans til ráðuneytis um læknafræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, enda ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits læknaáráðs á því sem varðar læknaþjónustu sbr. 13. gr. laga nr. 40/2007. Læknaáráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, stjórnun og rekstur, samstarf og samhæfingu starfskrafta, þjónustu við sjúklinga, menntun lækna, læknaema og annars starfsliðs og vísindastarf.

3. grein. Starfshættir læknaáráðs.

Læknaáráði og nefndum þess ber að stuðla að gæðum læknaþjónustu á Landspítala þannig að lækningar séu á hverjum tíma í samræmi við lög, þekkingu, viðurkennda reynslu og gæðastaðla. Á sama hátt skal læknaáráð stuðla að gæðum og eflingu vísindarannsóknar og menntunar lækna, læknaema og annarra heilbrigðisstétta.

Læknaáráð getur hvenær sem er tekið mál til umræðu og meðferðar að eigin frumkvæði auk þeirra mála sem stjórnendur spítalans eða heilbrigðismála leggja fyrir ráðið. Við val og framkvæmd verkefna á vegum ráðsins ber að gæta hagkvæmni og halda kostnaði í samræmi við fjárheimildir.

II. kafli Stjórn læknaáráðs

4. grein. Skipan

Í stjórn læknaáráðs skulu eiga sæti formaður, varaformaður, einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans auk eins deildarlækna.

5. grein. Kosning

Stjórn læknaáráðs skal kosin á aðalfundi. Hún skal kosin til tveggja ára. Endurkjósa má í sama stjórnarstarf einu sinni. Stjórnarmenn velja einn úr sínum hópi til að gegna embætti ritara læknaáráðs. Varamenn í stjórn skulu kosnir með sama hætti, einn fyrir hvern stjórnarmann en þó ekki fyrir formann og varaformann. Varamönnum er ætlað að taka sæti stjórnarmanna vegna forfalla, afsagnar eða starfsloka við spítalann. Stjórnin getur tilnefnt nýja varamenn ef nauðsyn krefur. Fulltrúi deildarlækna og varamaður hans skulu kjörnir úr hópi þeirra deildarlækna sem ráðnir eru til eins árs eða til lengri tíma.

6. grein. Hlutverk stjórnar læknaáráðs

Stjórn læknaáráðs:

- Fer með umboð læknaáráðs og framfylgir hlutverki þess.
- Er málsvari lækna spítalans og sjúklinga þeirra út á við og inn á við í öllum læknafræðilegum eignum.
- Skal taka afstöðu til þeirra mála sem beint er til hennar frá stjórnendum spítalans eða meðlimum læknaáráðs.
- Skal fylgjast með læknaþörf Landspítalans og starfsskilyrðum lækna.

- Fylgist með að mið sé tekið af stefnumótun Landspítalans við ráðningar lækna sem og aðar ákvarðanir um stjórn og rekstur spítalans.
- Skal láta í té umsögn um hæfi umsækjenda um stöður sérfræðilækna og eftir atvikum stjórnunarstöður sem snerta lækniþjónustu, að fengnu álitum stöðunefndar læknaáráðs.

7. grein. Fundir stjórnar læknaáráðs

Stjórn læknaáráðs heldur að jafnaði fundi á tveggja vikna fresti, en oftar ef þörf krefur. Formaður boðar til funda stjórnar og stýrir þeim. Stjórnarfundir eru ályktunarhæfir ef helmingur stjórnarmanna eða fleiri sitja fundinn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður við atkvæðagreiðslur og falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar læknaáráðs úrslitum. Stjórn læknaáráðs getur kallað á sinn fund lækna eða aðra sem búa yfir viðeigandi sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um hverju sinni. Samþykktar fundargerðir stjórnar læknaáráðs skulu birtar á vefsíðu læknaáráðs.

III. kafli Nefndir læknaáráðs

8. grein. Skipan nefnda

Á vegum læknaáráðs starfa þrjár fastanefndir: Fræðslunefnd, stöðunefnd og valnefnd. Í hverri nefnd sitja formaður og einn fulltrúi frá hverju klínísku sviði spítalans. Stjórn læknaáráðs getur skipað aðrar nefndir eða starfshópa til að fjalla um einstök mál.

Stjórn læknaáráðs skipar fulltrúa ráðsins í nefndir sem a.ö.l. eru skipaðar af framkvæmdastjórn, svo sem: atvikanefnd, lyfjanefnd, siðanefnd, siðfræðinefnd og Vísindaráð.

9. grein. Kosning fastanefnda

Fulltrúar í nefndum læknaáráðs og varamenn þeirra skulu kosnir á aðalfundi læknaáráðs og til tveggja ára í senn. Formenn nefnda skal kjósa sérstakri kosningu en aðra nefndarmenn síðan. Endurkjósa má til sama starfs einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok við spítalann skal stjórn læknaáráðs skipa varamenn í þeirra stað.

10. grein. Störf nefnda

Hverri nefnd eru settar starfsreglur, sem samþykktar eru af stjórn læknaáráðs. Formenn nefnda skulu boða fundi þeirra og stýra fundum en að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum. Allar nefndir á vegum læknaáráðs starfa í umboði stjórnar ráðsins og getur hún skotið til nefnda þeim málum, sem henni þykir henta hverju sinni. Nefndir skulu skrá fundargerðir og gefa stjórn læknaáráðs skýrslu um störf sín minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Formenn nefnda skulu að jafnaði boðaðir á fund stjórnar læknaáráðs árlega til að gera grein fyrir störfum nefndanna.

IV. kafli Aðalfundur læknaáráðs

11. grein. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í apríl- eða maímánuði ár hvert. Til hans skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Hann er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Kynna skal fyrirhugaðaðar kosningar með fundarboði aðalfundar. Valnefnd skal skila til stjórnar læknaáráðs a.m.k. einni tilnefningu í hvert sæti stjórnar og fastanefnda, bæði aðalmanna og varamanna, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundardag. Kynna skal með skriflegri eða rafrænni auglýsingu hverjir hafa gefið kost á sér. Meðlimum læknaáráðs er einnig heimilt að tilnefna eða bjóða sig fram til stjórnarsetu og skulu framboð hafa borist eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund.

12. grein. Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrslur nefnda.
3. Breytingar á starfsreglum.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning nefnda.
6. Önnur mál.

Allar kosningar skulu vera skriflegar, sé þess óskað og eru þeir rétt kjörnir sem fá flest atkvæði. Falli atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Formaður og varaformaður lækna ráðs skulu ekki sitja í stjórn Læknafélags Íslands eða Læknafélags Reykjavíkur.

V. kafli Fundir lækna ráðs

13. grein. Almennir lækna ráðsfundir

Lækna ráð heldur almenna fundi að jafnaði annan hvern mánuð á ákveðnum stað og tíma. Fundi skal þó eigi halda, nema sérstaklega sé brýnt, á tímabilinu 15. júní til 15. september. Aukafundi skal halda þegar nauðsyn krefur, svo og ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn.

Almenna lækna ráðsfundi skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Almennir fundir lækna ráðs eru fyrir meðlimi þess eingöngu. Stjórn lækna ráðs getur þó ákveðið að hafa almenna fundi opna. Forstjóra Landspítala skal að jafnaði boðið að sitja almenna fundi lækna ráðs. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða og er samþykkt lögmaet, sé löglega til fundarins boðað.

Vantraust á stjórn lækna ráðs skal taka til umræðu ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn. Vantrauststillögu skal leggja fram skriflega og senda út með fundarboði. Ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja vantraust, skal kjósa stjórn til bráðabirgða á fundinum og skal hún boða til aðalfundar svo skjótt sem auðið verður.

VI. kafli Breytingar á starfsreglum

14. grein. Breytingar á starfsreglum

Stjórn lækna ráðs eða einstakir meðlimir ráðsins geta gert tillögur til breytinga á starfsreglum. Allar slíkar tillögur skulu vera með skriflegum hætti og hafa borist stjórn lækna ráðs eigi síður en einni viku fyrir aðalfund. Hafi þær borist fyrir boðun aðalfundar ber stjórn ráðsins að senda þær út með aðalfundarboði. Tillögur til breytinga á starfsreglum skulu ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í fyrsta sinn skal kjósa í valnefnd á almennum lækna ráðsfundi haustið 2010. Stjórn lækna ráðs ber ábyrgð á því að kosningu sé lokið fyrir 1. janúar 2011.
2. Fyrsta stjórn lækna ráðs samkvæmt hinum nýju starfsreglum skal kosin á aðalfundi lækna ráðs vorið 2011.

Starfsreglur þessar taka gildi á aðalfundi lækna ráðs Landspítala í maí 2010

Landspítala, 21. maí 2010

forstjóri Landspítala

formaður lækna ráðs Landspítala

Starfs- og gjafasjóður læknaráðs LSH

Rekstrarreikningur
frá 23. apríl 2013 til 22. apríl 2014

og

Efnahagsreikningur
hinn 22. apríl 2014

Starfs- og gjafasjóður
Læknaráðs LSH
Kt. 520701-2490

UN bókhald ehf

Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði

Sími 568-5730 – fax 568 5733

UNDIRRITUN ÓHÁÐRA SKOÐUNARMANNA


Eftirfarandi uppgjör fyrir **Starfs- og gjafasjóð læknaáðs LSH** fyrir tímabilið 23. apríl 2013 til 22. apríl 2014 er samið samkvæmt niðurstöðum bókhalds sjóðsins, sem fært var af okkur og upplýsingum stjórnanda sjóðsins.

Bankareikningar eru afstemmdir og réttir.

Að öðru leyti en framan greinir hefur endurskoðun af okkar hálfu ekki verið framkvæmd.

Hafnarfirði, 30. apríl 2014

f.h. UN bókhalds



Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir

Viðurkenndur bókari

Rekstrarreikningur tímabilið 23.4.2013 - 22.4.2014

Framlög félagsmanna	Skýr.	2014	2013
Framlög.....		242.000	309.500
Vaxtatekjur.....		30.562	23.500
		<u>272.562</u>	<u>333.000</u>
 Ráðstöfun			
Gjafir vegna tillidaga.....		243.025	337.455
Kostnaður vegna jarðarfara.....		105.000	0
Bókhalds-og uppgjörskostnaður.....		36.144	42.921
Bankakostnaður.....		15.964	51.113
Fjármagnstekjuskattur.....		6.085	4.681
		<u>406.218</u>	<u>436.170</u>
 Ráðstöfun um framlög tímabilsins		<u>(133.656)</u>	<u>(103.170)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2014	2013
Bankareikningar			
0513-26-016880 Íslandsbanki ehf		156.174	25.814
0513-04-250282 Íslandsbanki ehf		1.263.039	1.537.617
0513-14-402821 Íslandsbanki ehf		498.589	488.027
		<u>1.917.802</u>	<u>2.051.458</u>
Eignir		<u>1.917.802</u>	<u>2.051.458</u>

Hinn 22. apríl 2014

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2014	2013
Eigið fé			
Yfirfært frá fyrra ári		2.051.458	2.154.628
Óráðstafað eigið fé		(133.656)	(103.170)
Eigið fé		1.917.802	2.051.458
Skuldir		0	0
Eigið fé og skuldir		<u>1.917.802</u>	<u>2.051.458</u>

Erindisbréf

valnefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk valnefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk valnefndar læknaáðs er að tryggja að fyrir hverjar kosningar liggi fyrir að minnsta kosti eitt framboð til allra embættis í stjórn og nefndum læknaáðs. Kosningar í stjórn og nefndir læknaáðs fara að jafnaði fram á aðalfundi ráðsins í apríl- eða maímánuði annað hvert ár.

Skipan valnefndar læknaáðs Landspítala

Í valnefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður valnefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi læknaáðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í valnefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn læknaáðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs valnefndar

Valnefnd starfar í umboði stjórnar læknaáðs. Formaður valnefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim.

Valnefnd tryggir að framboð til eftirfarandi embættis læknaáðs liggi fyrir að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund læknaáðs:

- **Stjórn læknaáðs:** Framboð til formanns læknaáðs. Framboð til varaformanns læknaáðs. Framboð sérfræðilækna af hverju klínísku sviði spítalans til setu sem aðalmaður í stjórn læknaáðs. Sömu leiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilækna af hverju sviði til varamanns í stjórn. Valnefnd skal einnig tryggja að fyrir liggi tilnefning deildarlækna til setu í stjórn læknaáðs.
- **Fræðslunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilækna af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í fræðslunefnd. Sömu leiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilækna af hverju sviði til embættis varamanns í fræðslunefnd.
- **Stöðunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilækna af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í stöðunefnd. Sömu leiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilækna af hverju sviði til embættis varamanns í stöðunefnd.
- **Valnefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilækna af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í valnefnd. Sömu leiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilækna af hverju sviði til embættis varamanns í valnefnd.

Valnefnd lækna ráðs kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að öll framboð liggi fyrir á tilsettum tíma.

Stjórn lækna ráðs auglýsir með skriflegum og/eða rafrænum hætti hverjir hafa gefið kost á sér til embætta á vegum lækna ráðs.

Formaður valnefndar gengur á fund stjórnar lækna ráðs á vormisseri þau ár sem nefndin starfar og ræðir störf valnefndarinnar. Valnefndin skal halda fundargerð og gefa stjórn lækna ráðs skriflega skýrslu um störf sín að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs.

Samþykkt á stjórnarfundum lækna ráðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson,

formaður lækna ráðs Landspítala

Erindisbréf

fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar er að:

- Skipuleggja, stjórna og auglýsa fræðslufundi á vegum læknaáðs Landspítalans.
- Beita sér fyrir því að finna efni og fá innlenda og erlenda fyrirlesara í samvinnu við deildir spítalans eða aðila utan hans.
- Sjá til þess að haldin sé gerðabók um fræðslufundina, þar sem skráð eru fundarefni, nöfn fyrirlesara og fundarsókn.
- Taka til afgreiðslu skyld mál og málaflokka, sem læknaáð eða stjórn þess fela henni.

Skipan fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Í fræðslunefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður fræðslunefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi læknaáðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í fræðslunefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn læknaáðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs fræðslunefndar

Fræðslunefnd starfar í umboði stjórnar læknaáðs. Stjórn læknaáðs getur skotið viðeigandi málum til fræðslunefndarinnar þegar þurfa þykir. Formaður fræðslunefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim. Fræðslunefndin kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að haldinn verði nægilegur fjöldi fræðslufunda á tilsettum tíma. Fræðslunefndin skal halda fundargerðabók um fundi og störf nefndarinnar.

Formaður fræðslunefndar gengur á fund stjórnar læknaáðs einu sinni á ári og ræðir störf nefndarinnar. Fræðslunefndin skal gefur stjórn læknaáðs skriflega skýrslu um störf sín að vori ár hvert, að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund læknaáðs.

Samþykkt á stjórnarfundum læknaáðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson
formaður læknaáðs Landspítala

Erindisbréf stöðunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk stöðunefndar læknaáðs LSH

Stöðunefnd læknaáðs Landspítala skal fjalla um og meta umsækjendur, þegar ráðið er í störf sérfræðilækna við Landspítala. Stöðunefnd lækna, sem kveðið er á um í 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu (lög nr. 40/2007), mun meta faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga, yfirlækna og annarra stjórnenda lækninga á spítalanum og fer um það samkvæmt nefndum lögum. Framkvæmdastjóri lækninga og stjórn læknaáðs geta þó einnig farið fram á að stöðunefnd læknaáðs LSH fjalli um slíkar umsóknir eftir því sem þurfa þykir og einnig aðrar umsóknir um störf lækna og læknanema á LSH.

Skipan stöðunefndar læknaáðs LSH

Formaður stöðunefndar skal kosinn á aðalfundi læknaáðs LSH til tveggja ára í senn. Auk formanns skulu í stöðunefnd eiga sæti lækna með sérfræðimenntun frá hverju sviði Landspítala. Skal hvert svið, að beiðni formanns læknaáðs, tilnefna einn slíkan í stöðunefnd ásamt varamanni. Skal framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs sjá um að lýðræðislegt val meðal lækna sviðsins fari fram og komi með tilnefningu um aðalfulltrúa og varafultrúa í stöðunefnd innan tveggja vikna frá því að beiðni formanns læknaáðs um tilnefningu kemur fram. Formaður stöðunefndar tilnefnir einn af fulltrúum í stöðunefnd sem varaformann. Skulu lækna stöðunefndar kosnir/tilnefndir til tveggja ára í senn. Hið sama gildir um varamenn.

Verklýsing starfs stöðunefndar

Starfslýsing í stöðuauglýsingu er grundvöllur umfjöllunar stöðunefndar um einstaka umsækjendur. Við umfjöllun sína um umsóknir skal stöðunefnd leggja til grundvallar menntun og starfsferil umsækjenda, vísinda- og kennslustörf, starfsaldur, samstarfshæfni og reglusemi í starfi eftir því sem unnt er, svo og stjórnunarstörf. Stöðunefnd byggir mat sitt á innsendum gögnum umsækjenda og tekur hún ekki við viðbótargögnum frá umsækjendum eftir að umsóknarfrestur um störf rennur út samkvæmt auglýsingu. Stöðunefnd skal ætíð vera mjög á varðbergi að gæta jafnræðis milli allra umsækjenda um auglýst starf. Í ákvörðunum sínum og umsögnum skal nefndin gæta hlutleysis og hafa einkum að leiðarljósi að ekki sé gengið á hlut einhvers umsækjenda.

Um hverja umsókn skulu fjalla tveir lækna stöðunefndar auk formanns. Einn stöðunefndarmanna skal, eftir því sem unnt er, vera af því sviði sem sótt er um starf á. Við veitingu skemmri staðgengilsstarfa en til eins árs, þarf ekki nauðsynlega að leita álits stöðunefndar eða stjórnar læknaáðs.

Við mat á hæfni umsækjenda til að gegna auglýstum störfum skal stöðunefnd miða við “Reglur og leiðbeiningar fyrir stöðunefnd læknaáðs um stöðuveitingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi” sem samþykktar voru á aðalfundi læknaáðs LSH vorið 2004. Þessar reglur og leiðbeiningar eru aðgengilegar á heimasíðu LSH.


Að lokinni umfjöllun sinni, skal stöðunefnd gefa umsækjendum kost á að sjá umsögn nefndarinnar sem varðar þá sjálfa og gera athugasemdir við það. Að því loknu skal stöðunefnd leggja umsögn sína fyrir stjórn læknaáðs til endanlegrar afgreiðslu.

Stöðunefnd kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, samkvæmt ofanskráðu en getur unnið nauðsynlega samstarfsvinnu með rafrænum hætti eftir því sem þurfa þykir.

Formaður sendir stjórn lækna ráðs yfirlit um störf nefndarinnar á liðnu starfsári eigi síðar en viku fyrir auglýstan aðalfund lækna ráðs LSH.


Landspítala, 14. mars 2012

F.h. stjórnar lækna ráðs LSH



Anna Gunnarsdóttir,
formaður lækna ráðs LSH

Samþykkur erindisbréfi f.h. framkvæmdastjórnar LSH



Ólafur Baldursson,
framkvæmdastjóri lækninga LSH

27. nóvember 2013

Sendandi:

Anna Gunnarsdóttir, MD, PhD
 Formaður lækna ráðs Landspítala
 Landspítali Hringbraut, 21 D

143. löggjafarþing 2013–2014.**Umsögn varðandi þingskjal 10. – 10. mál er varðar tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala.**

Læknaráð Landspítala fagnar þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala. Fyrirhuguð bygging nýs Landspítala hefur staðið fyrir lengi eins og rakið er í meðfylgjandi greinagerð með tillögunni. Framkvæmdin hefur þó dregist á langinn vegna ýmissa ástæða og er ekki enn hafin.

Læknaráð Landspítala hefur lengi bent á nauðsyn þess að sameina starfsemi Landspítalans á einn stað og mikilvægi þess að byggja nýja byggingu til að mæta nútímakröfum um aðstöðu og öryggi fyrir sjúklinga og starfsmenn spítalans. Læknaráð Landspítala styður því heilshugar fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og hvetur til þverpólítískar samstöðu um að hefja byggingu nýs Landspítala.

Læknaráð Landspítala vill þó vara við lið eitt í hugsanlegum fjáröflunarleiðum til að fjármagna byggingu nýs Landspítala þar sem óraunhæft er að ætla að hægt sé að skera frekar niður í rekstrarfé til spítalans heldur en þegar hefur verið gert.

Virðingafyllst

Anna Gunnarsdóttir, MD, PhD
 Formaður lækna ráðs Landspítala

Ályktanir aðalfundar lækna ráðs Landspítala 17. maí 2013

I. Húsnæðismál á Landspítala

Landspítalinn er rekinn í um 100 byggingum á 16 stöðum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Viðhald á þessum byggingum hefur setið á hakanum í niðurskurði undanfarinna ára. Áhrifa þess er farið að gæta í lélegum húsakosti. Brýnt er fyrir starfsemi spítalans, ekki síst þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra, að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Læknaráð Landspítala skorar á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta.

II. Heilbrigðismál í forgang

Niðurskurður hin síðari ár hefur gengið nærri starfsemi Landspítalans. Hann hefur leitt til fækkunar á sjúkrarúmum og á starfsfólki þrátt fyrir aukin verkefni. Úrræðum utan spítalans eru um margt ábótavant meðal annars fyrir aldraða og geðfatlaða. Valstarfsemi hefur dregist saman og biðlistar fyrir sjúklinga lengjast.

Læknaráð Landspítala skorar á þá ríkistjórn sem nú tekur við að setja heilbrigðismál í forgang.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 13. júní 2013

Mönnunarmál lyflæknissviðs Landspítala

Læknaráð Landspítala lýsir þungum áhyggjum sínum yfir báglegri mönnunarstöðu almennra lækna á lyflæknissviði Landspítala. Almennir lækna á Landspítala, þar með talið deildarlækna og læknakandídatar, gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í þeirri læknisþjónustu sem Landspítalinn veitir, bæði við móttöku sjúklinga, greiningu og meðferð. Langvinnur skortur hefur verið á deildarlæknum á lyflæknissviði og eins og staðan er í dag alldeilis óljóst hvort eða hvenær nýútskrifaðir kandídatar hefja störf við spítalann í sumar. Ljóst er ef læknakandídatar skila sér ekki til vinnu eins og áætlað er hefur það víðtæk og lamandi áhrif á starfsemi spítalans á viðkomandi sviðum.

Til að mæta mönnunarþörf lyflæknissviðs yfir sumartímenn hafa verið ráðnir rúmlega tuttugu læknanemar sem hafa lokið fjögurra ára læknanámi til að gegna störfum deildarlækna og læknakandídata. Læknanemar eftir aðeins fjögurra ára læknánám eru að okkar mati á engan hátt tilbúnir að taka á sig ábyrgð og skyldur læknis gagnvart sjúklingum sem leita sér lækninga á Landspítala. Ljóst er að læknanemar þurfa að vinna náið og undir stöðugri leiðsögn sérfræðinga sem þegar eru ofhlaðnir störfum.

Læknaráð Landspítala hvetur stjórnvöld og yfirstjórn Landspítalans að koma á móts við óskir kandídata til að tryggja að þeir komi til vinnu sem allra fyrst komin þannig að hægt verði að tryggja áframhaldandi óbreytta þjónustu spítalans og öryggi sjúklinga sem til hans leita. Einnig telur læknaráð mikilvægt að gera það að forgangsverkefni að efla aðstöðu, aðbúnað og kennslu almennra lækna á lyflæknissviði til að tryggja eðlilega nýliðun og mönnun almennra lækna á sviðinu.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 3. september 2013

Lækna ráð Landspítala ítrekar áhyggjur sínar af mönnun almennra lækna á lyflækningasviði spítalans. Það ástand sem nú hefur myndast og kallar á bráðaaðgerðir í skipulaggingu á læknaþjónustu innan sviðsins var þegar fyrirséð snemma í vor. Nú þegar læknanemar hefja nám á haustönn að nýju er einungis tæplega helmingur læknisstaða almennra lækna mannaðar við sviðið.

Lækna ráði Landspítala þykir ljóst að svo mikil vöntun á starfandi læknum á lyflækningasviði kemur til með að hafa veruleg áhrif á læknaþjónustu við sjúklinga sem leita til spítalans. Þetta ástand mun einnig bitna á kennslu læknanema og er þá hlutverki spítalans sem háskólasjúkrahús stefnt í hættu.

Bráðaaðgerðir framkvæmdastjórnar Landspítalans fela í sér tilfærslu á verkefnum almennra lækna til sérfræðinga, sem þegar eru ofhlaðnir störfum. Lækna ráð Landspítala óttast að með þessum aðgerðum komi sérfræðingar sviðsins til með að hverfa frá störfum.

Nauðsynlegt er að finna lausnir, bæði til skemmri og lengri tíma, til að mæta mönnunarvanda sviðsins. Lækna ráð skorar á yfirstjórn spítalans að leysa úr þeim málum sem fyrst í samvinnu við lækna sviðsins.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 25. október 2013

Landspítali í forgang!

Fjölmennur fundur lækna í lækna ráði Landspítala lýsir furðu sinni og gífurlegum vonbrigðum með skilningsleysi ráðamanna þjóðarinnar á vanda Landspítalans, sem endurspeglast í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi fyrir árið 2014. Ljóst er að staðan á Landspítala eftir langvinnt fjársveldi er algjörlega óásættanleg fyrir allan almenning sem og sjúklinga og starfsmenn spítalans. Fagfélög og stéttarfélög lækna og annarra heilbrigðisstétta hafa endurtekið bent á þær hættur sem slíkur langvinnur niðurskurður á rekstrarfé til spítalans hefur í för með sér. Aðbúnaður sjúklinga er óásættanlegur, eðlilegu viðhaldi og endurnýjun á tækjabúnaði spítalans er ábótavant, viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt, atgervisflótti starfsmanna frá spítalanum er raunveruleiki með tilheyrandi auknu álagi á þá starfsmenn sem starfa áfram, rannsókn- og kennsluhlutverk spítalans situr á hakanum og svo mætti lengi telja.

Að okkar mati er þjóðarsátt um það að styrkja þessa grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verður ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til reksturs spítalans.

Lækna ráð Landspítala skorar á Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 með því leiðarljósi að setja Landspítalann í forgang og tryggja þannig nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem er svo nauðsynleg starfseminni.

Aðalfundur læknaáðs Landspítala haldinn föstudaginn 17. maí 2013, kl. 13:00 í Hringsal, Hringbraut

Fundarstjóri: Jóhann Heiðar Jóhannsson

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrslur nefnda
3. Breytingar á starfsreglum
4. Kosning stjórnar
5. Kosning nefnda
6. Önnur mál

Í upphafi fundar tók Anna Gunnarsdóttir formaður læknaáðs til máls og lagði til að Jóhann Heiðar Jóhannsson yrði skipaður fundarstjóri og Örn Þ. Þorvarðarson fundarritari. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða og tók Jóhann við fundarstjórn og lagði til að gengið yrði til auglýstrar dagskrár.

Páll Torfi Önundarson bar fram dagskrártillögu í upphafi fundar þar sem hann lagði til að fundinum yrði frestað um 1 – 2 vikur vegna slælegrar mætingar. Atkvæði voru greidd um tillögu Páls Torfa og var hún felld með 6 atkvæðum gegn 2.

Jóhann Heiðar gaf Önnu Gunnarsdóttur, formanni læknaáðs því næst orðið og kynnti hún skýrslu stjórnar formanns og fór yfir starf læknaáðs síðastliðið starfsár.

1. Skýrsla stjórnar

Anna Gunnarsdóttir formaður læknaáðs greindi frá helstu atriðum í starfsemi ráðsins síðastliðið starfsár.

Anna greindi frá því að á starfsárinu hefðu verið haldnir 22 stjórnarfundir og þrjár almennir læknaáðsfundir. Auk þess voru fræðslufundir á vegum fræðslunefndar haldnir reglulega einu sinni í mánuði.

Anna greindi frá nokkrum helstu málum sem læknaáð hefur fjallað um á starfsárinu 2012 – 2013 og voru þessi sérstaklega tilgreind:

1. Rekstur og fjárveitingar til Landspítala
2. Breytingar á stjónskipulagi Landspítala
3. Umsóknir um stöður sérfræðinga á Landspítala
4. Starfslýsingar almennra lækna og sérfræðilækna
5. Könnun um rafræna sjúkraskrá
6. Umsagnir um lagafrumvörp – breyting á lögum um lækningatæki

7. Yfirvofandi uppsagnir
8. Húsaótt á Landspítala

Að lokinni framsögu Önnu var opnað fyrir umræðu um skýrslu formanns.

2. Skýrslur nefnda

- a) Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, greindi frá starfi fræðslunefndar á starfsárinu í fjarveru Páls E. Ingvarssonar formanns fræðslunefndar lækna ráðs.
- b) Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, greindi frá starfi valnefndar á starfsárinu í fjarveru Gylfa Óskarssonar formanns valnefndar lækna ráðs.
- c) Jóhann Heiðar Jóhannsson greindi frá starfi stöðunefndar lækna ráðs á starfsárinu. Hann sagði mikilvægt að lækna ráð hafi það hlutverk að tryggja faglega umfjöllun lækna um umsóknir um stöður sérfræðilækna við spítalann. Jóhann Heiðar sagði umsóknum hafa fjölgað. Hann nefndi einnig að á starfsárinu voru auglýstar þrjár stöður þar sem engar umsóknir bárust.

3. Starfsreglur lækna ráðs

Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á starfsreglum lækna ráðs fyrir fundinn.

4. Kosning í stjórn lækna ráðs

Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, sagði frá þeim breytingum sem verða á stjórn lækna ráðs á fundinum. Að því loknu bauð hún nýja stjórn velkomna til starfa.

5. Kosning í fastanefndir

Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, tilkynnti hvaða fulltrúar hætta störfum í fastanefndum lækna ráðs. Að því loknu kynnti hún ný framboð lækna í stöðunefnd lækna ráðs, fræðslunefnd lækna ráðs og valnefnd lækna ráðs.

6. Önnur mál

- a) Starfs- og gjafasjóður lækna ráðs – innheimtufyrirkomulag
Rætt var um hvaða innheimtufyrirkomulag væri best á innheimtu félagsgjalda. Ef til vill ætti starfsmannaskrifstofa spítalans að taka innheimtuna að sér og þá væru gjöldin tekin af launum lækna.

Samþykkt var að stjórn starfs- og gjafasjóðs lækna ráðs taki málið til nánari skoðunar.

- b) Ályktunartillögur

Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, kynnti tvær ályktunartillögur.

I. Húsnæðismál á Landspítala

Landspítalinn er rekinn í um 100 byggingum á um 17 stöðum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Viðhald á þessum byggingum hefur setið á hakanum í niðurskurði undanfarinna ára. Áhrifa þess er farið að gæta í lélegum húsakosti. Framkvæmdum um nýjan spítala er stöðugt frestað. Brýnt er fyrir starfsemi spítalans, ekki síst þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra, að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Lækna ráð Landspítala skorar á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda spítalans og hefja byggingu á nýjum spítala hið fyrsta.

II. Heilbrigðismál í forgang

Niðurskurður hin síðari ár hefur gengið nærri starfsemi Landspítalans. Hann hefur leitt til fækkunar á sjúkrarúmum og á starfsfólki þrátt fyrir aukin verkefni. Úrræðum utan spítalans eru um margt ábótavant meðal annars fyrir aldraða. Valstarfsemi hefur dregist saman og biðlistar fyrir sjúklinga lengjast.

Læknaráð Landspítala skorar á þá stjórn sem tekur við að setja heilbrigðismál í forgang.

Nokkur umræða var um orðalag á tillögnum og voru þær samþykktar með orðalagsbreytingum.

c) Reynir Arngrímsson sagði vanta í umræðuna að á Landspítala er ýmislegt í boði og hefur verið lengi varðandi erfðaráðgjöf. Mikið hefur verið gert innan spítalans í þessum málum og til boða stendur þjónusta sem almenningur veit ekki af. Það er mikilvægt að þjónusta sé í höndum starfsfólks sem hefur fengið þjálfun í að fást við slík mál.

Málið rætt og samþykkt að visa því til stjórnar læknaráðs til umfjöllunar.

Fleira var ekki rætt á fundinum og þakkaði Jóhann Heiðar Jóhannsson formanni og stjórn læknaráðs fyrir mjög gott samstarf á síðastliðnu starfsári.

Fundi slitið kl. 14:55

**Almennur lækna ráðsfundur lækna ráðs Landspítala haldinn
föstudaginn 20. september 2013 í Hringsal Landspítala Hringbraut**

Efni:

Staðan á lyflækningasviði Landspítala

Frummælendur:

Hrönn Ólafsdóttir, deildarlæknir á lyflækningasviði
Friðbjörn Sigurðsson, sérfræðilæknir á krabbameinsdeild
Karl Andersen, sérfræðilæknir á hjartadeild, prófessor HÍ
Björn Zöga, forstjóri.

Fundarstjóri: Ebba Margrét Magnúsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Ebba M. Magnúsdóttir varaformaður lækna ráðs bauð fundarmenn velkomna til fundarins, lýsti efni hans auk þess sem hún sagði frá því sem lækna ráð hefur gert í tengslum við þetta mál og bauð síðan frummælendur velkomna.

Hrönn Ólafsdóttir ræddi störf deildarlækna á lyflækningasviði og lýsti stöðunni þar. Hún sagði einnig frá því hvernig málin hafa þróast frá uppsögnum deildarlækna í febrúar sl. Hrönn ræddi ennfremur kosti og galla neyðarplansins sem tók gildi í byrjun september. Hún sagði að horfa verði til framtíðar og hvað þurfi þá að gera.

Friðbjörn Sigurðsson spurði hvern vandi Landspítala væri og hvort ekki væri hægt að leysa hann. Hann sagði frá því sem lækna telja vanda LSH og hvernig hinir ólíku læknahópar líta á vandann. Hann sagði samhljóm meðal lækna LSH um það hver vandinn er. Friðbjörn varpaði fram spurningu um hvað hægt er að gera og hverjar lausnir geta verið. Hann sagði að viðurkenna þarf að botninum er náð og hefja verði uppbyggingu á ný. Friðbjörn sagði bið eftir nýrri spítalabyggingu allt of langa. Hann sagði ennfremur það grundvallaratriði að viðhalda framhaldsmenntun í lyflækningum á spítalanum.

Karl Andersen spurði hvernig það vandamál sem komið er upp á lyflækningasviði gat gerst. Hann sagði tvennt skipta mestu þar um:

1. Faraldur langvinnra sjúkdóma. Stórt vandamál. Verkefni á lyflækningasviði aukast ár frá ári.
2. Hrun.

Karl sagði að horfa þurfi til framtíðar og þá skiptir eftirtalið máli:

1. Nýjir tímar – jákvæðar yfirlýsingar frá heilbrigðisráðherra.
2. Háskólasjúkrahúss – þrjúþætt hlutverk þess.
3. Mannauður.

4. Hvert förum við hédan? – hvernig ætlum við að byggja upp háskólasjúkrahúsið?

Björn Zöega lýsti þróun í rekstri LSH árin 2007 – 2013. Hann sagði vandamálið í byrjun kreppu hafa verið að spítalinn hafði þá verið undirfjármagnaður í langan tíma. Í tengslum við það benti Björn á þróun opinberra útgjalda eftir málaflokkum árin 2001 – 2012. Björn sagði meðallegulengd ekki hafa breyst en sjúkrarúmum hefur fækkað. Hann sagði fækkun hafa orðið í öllum starfsstéttum nema læknum og hjúkrunafraeðingum. Björn sagði launakostnað á hvert stöðugildi vera stöðugan. Hann sýndi samanburð á Karólínska, Sahlgrenska og LSH – samanburðurinn sýnir að þjónustan á LSH er nálægt því 50% ódýrari en á stóru sænsku sjúkrahúsunum. Björn sýndi einnig dæmi um undirfjármögnun LSH.

Björn ræddi einnig um aðgerðir og sagði í því sambandi að verið væri að vinna að mörgum málum og unnið væri mikið og gott starf. Hann sagði að það þyrfti að viðurkenna að það sé breyting á þjónustu, ekki sé hægt að gera það sama nú og áður.

Að loknum framsöguerindum fóru fram almennar umræður.

Fundarmenn voru sammála um að stanlaus niðurskurður á Landspítala undanfarin ár hafi bitnað mjög á spítalanum og að öryggi sjúklinga væri stefnt í hættu. Læknar Landspítala eru orðnir langþreyttir á ástandinu og hvetja ráðherra og yfirstjórn spítalans að bregðast við núverandi stöðu.

Ebba Margrét þakkaði fyrir góðan fund. Hún benti á grein sem hún skrifaði í Fréttablaðið í gær, fimmtudag 19. september. Ebba Margrét sagði gjá hafa myndast á milli stjórnenda og fólksins á gólfinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30

Almennur læknaáðsfundur læknaáðs Landspítala haldinn föstudaginn 25. október 2013 í Hringisal Landspítala Hringbraut

Efni:

Nýr forstjóri – nýjar áherslur

Frummælandi:

Páll Matthíasson forstjóri Landspítala

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Anna bauð Pál Matthíasson forstjóra Landspítala velkominn til fundarins. Hún lýsti stöðu mála eins og þau eru á Landspítalanum í dag og þeirri umræðu sem verið hefur í fjölmiðlum undanfarið. Hún sagði vilja vera fyrir því að gera Landspítala að góðum vinnustað. Anna óskaði Páli til hamingju með starfið fyrir hönd læknaáðs Landspítala og gaf honum orðið.

Páll ræddi fyrst um stöðu spítalans og orsakir fyrir þeirri stöðu sem spítalinn er nú í. Einnig ræddi hann framtíðarsýn og fjárhagslega stöðu spítalans. Fram kom hjá Páli að starfsumhverfiskönnun sýnir að atriði sem lúra að góðum vinnustað eru á niðurleið. Páll sagði frá því að árið 2009 var sett mjög mikil sparnaðarkrafa á Landspítalann eða um 12% fyrsta árið. Hann sagði öryggi á spítalanum ekki hafa batnað en starfsfólk hefur lagt sig fram til að bjarga málum. Páll sagði framleiðni og skilvirkni hafa aukist. Hann sagði mannauð, tæki og viðhald þann yfirdrátt sem hefur orðið og að nú sé þörf á að greiða tilbaka. Páll sagði árangur í birtingu vísindagreina vera góðan. Hann sagði mikilvægt að fólk sé minnugt um það sem er rétt gert. Páll sagði spítalann í heild vera sterkan og hann njóti virðingar og trausts. Mikilvægt sé að vernda hlutverk spítalans auk þess sem mikilvægt er að fræða þá sem fara með opinbert fé um stöðu mála. Hann sagði Landspítala nú fimmtungi minni en fyrir hrún. Páll sagð ennfremur að bæta þurfi andrúmsloftið á vinnustaðnum. Það eru margir smáir og einfaldir þættir sem geta skipt miklu máli. Einnig kom fram hjá Páli að ósérhæfðu starfsfólki hefur fækkað sem hefur áhrif á vinnu fagfólks.

Páll ræddi um fjárlagafrumvarp ársins 2014 og sagði að þær tölur sem þar koma fram væru mikil vonbrigði en hann ætti von á því að þær ættu eftir að hækka frá því sem nú er. Einnig sagði Páll að búið væri að samþykkja auknar fjárveitingar til tækjakaupa á næstu árum.

Að lokinni framsögu Páls var opnað fyrir umræður. Fram kom almenn ánægja með ráðningu nýs forstjóra Landspítala og fundarmenn voru sammála um að vinna þurfi vel að málum innan Landspítalans þannig að þjónusta sem hann veitir verði eins góð og kostur er.

Almennur lækna ráðsfundur lækna ráðs Landspítala haldinn föstudaginn 22. nóvember 2013 í Hringisal Landspítala Hringbraut

Efni:

EBCOG Hospital Visiting; a tool for quality assurance of training across the EU/EEA

Fyrirlesari:

Prof. Juriy Wladimiroff, EBCOG hospital visiting and accreditation committee

Fundarstjóri: Reynir Tómas Geirsson.

Prófessor Juriy Wladimiroff sagði frá starfi og markmiði EBCOG (European Board & College of Ob/Gyn) sem er að stuðla að sem bestri framhaldsmenntun í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum þannig að unnt verði að veita bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu í öllum þáttum sérgreinarinnar. Meginþættir starfs nefndarinnar eru þrjár: 1) þróun kennsluáætlunar fyrir sérgrein og undirsérgreinar; 2) kynning á úttektum og mati; og 3) skipun nefndar sem semur staðla um þjónustu við sjúklinga.

Markmið með heimsókn nefndarinnar er að bæta og tryggja gæði framhaldsmenntunar á kennslusjúkrahúsum í Evrópu. Það er hægt með því að semja leiðbeiningar og gera úttektir á sjúkrahúsum. Lögð er áhersla á að sjúkrahús eiga val um það hvort nefndin heimsæki þau. Fulltrúar nefndarinnar eru nú hér á landi til að gera úttekt á gæði og kennslu í kvensjúkdómalækningum við Kvennadeild Landspítalans.

Að lokinni heimsókn gerir nefndin skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um skipulag deildarinnar og kennsluáætlun. Í niðurlagi skýrslunnar er að finna niðurstöður og tillögur til úrbóta.

Að lokinni framsögu Prof. Juriy Wladimiroff voru almennar umræður þar sem fram kom mikil ánægja með heimsókn nefndarinnar og það sem nefndin hefur fram að færa.

**Almennur læknaáðsfundur læknaáðs Landspítala haldinn
föstudaginn
21. febrúar 2014 í Hringstal Landspítala Hringbraut**

Efni:**Lean Healthcare á Landspítala**

Frummælandi:

Benedikt Olgeirsson aðstoðarforstjóri Landspítala

Fundarstjóri: Ólafur Samúelsson

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Ólafur Samúelsson bauð fundarmenn velkomna til fundarins, kynnti efni hans og gaf Benedikt Olgeirssyni orðið.

Benedikt sagði frá því að unnið hefur verið að Lean verkefnum á Landspítala í tvö ár. Með Lean aðferðinni hefur verið skoðað hvað hægt er að gera í umbótastarfi á spítalanum. Benedikt sagði að upp úr 1990 var farið að vinna með Lean aðferðarfræðina í þjónustugeiranum. Það er síðan um 2000 sem farið er að vinna með Lean á sjúkrahúsum. Segja má að Lean sé vegferð sem taki um það bil 10 ár. Með Lean má bæta gæði og öryggi auk þess að minnka sóun. Sóun hefur verið flokkuð í átta flokka. Segja má að fyrirtækjamening breystist með innleiðingu Lean. Markmiðið með því að nota Lean er stöðugar umbætur og því eru stöðumatsfundir mikilvægir.

Benedikt sýndi nokkur dæmi um árangur nokkurra Lean verkefna.

Benedikt sagði framkvæmdastjórn setja árlega fram áherslur í umbótastarfi og velur hún nokkur ferlaverkefni fyrir hverja önn.

Benedikt gerði ennfremur grein fyrir vegvísi næstu þriggja ára.

Elísabet Benediktz sagði frá sinni vegferð með Lean á bráðasviði. Hún sagðist líta á Lean sem verkefni til að fara í umbætur og virkja starfsmennina.

Að loknum framsöguerindum fóru fram almennar umræður.

Fundarmenn lýstu almennri ánægju með innleiðingu Lean á Landspítala og voru sammála um mikilvægi þess að fá lækna til að taka meiri þátt í Lean verkefnum. Einnig var lögð áhersla á að háskólastarfið á spítalanum eigi einnig aðkomu að Lean verkefnum spítalans.

Fleira var ekki rætt og þakkað Ólafur frummælendum og fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 09:00

Fræðslufundir lækna ráðs starfsárið 2013 - 2014

Reglulegir föstudagsfundir á haustmisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar
September		
13. september 2012	Heilsufar þjóðarleiðtoga - áhrif á heimsmálin	Torfi Magnússon, taugalæknir LSH
Október		
11. október 2012	Eiga allir læknar að geta ómskoðað?	Hjalti Már Björnsson, bráðalæknir, LSH Hjalti Már Þórisson, röntgenlæknir LSH og Röntgen Domus Medica, lektor í myndgreiningu við HÍ
Nóvember		
8. nóvember 2012	Nóbelsverðlaun í læknisfræði 2013: Skipulag vöruflutninga	Helga Ögmundsdóttir, prófessor í frumulíffræði við Læknadeild Háskóla Íslands
Desember		
13. desember 2012	Jólafundur lækna ráðs Þeir áttu afmæli í ár! Albert Camus (100) og Árni Magnússon (350)	Pétur Gunnarsson, rithöfundur

Reglulegir föstudagsfundir á vormisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar:
Janúar 2014		
10. janúar 2014	Fæðingar fyrr og nú	Hildur Harðardóttir, yfirlæknir, kvennadeild LSH
Febrúar		
14. febrúar 2014	Staðganga (surrogacy) í velgjörðarskyni – ýmis álitamál	Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur og formaður starfshóps heilbrigðisráðherra um smíði frumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni Ragnheiður I. Bjarnadóttir fæðinga- og kvensjúkdómalæknir, Kvennadeild LSH Valgerður Baldursdóttir geðlæknir og barnageðlæknir Reykjalundi

Mars		
14. mars 2014	Heilsa og heilsugæsla lækna á vergangi	Haraldur Erlendsson forstjóri og yfirlæknir Heilsustofnunar NLFÍ Kristinn Tómasson yfirlæknir Vinnueftirlitsins Orri Þór Ormarsson varaformaður Læknafélags Íslands
Apríl		
11. apríl 2014	Eru skurðaðgerðir við offitu góð læknisfræði?	Hjörtur Gíslason og Björn Geir Leifsson skurðlæknar LSH og Skandinavíu
Mái		
9. maí 2014	Sjúkraskrárgerð – nokkrar einfaldar leiðir til að bæta þjónustu og forðast lögsóknir með bættri skráningu	Hjalti Már Björnsson lyf – og bráðalæknir. Kennslustjóri bráðadeildar

Læknaráð Landspítalans leitar lausna

Málefni Landspítalans hafa verið í umræðunni að undanfögnu. Nú er að koma í ljós að sá niðurskurður sem stjórnendur spítalans hafa hrósað sér af hefur komið niður á líðan og starfsánægju starfsfólksins. Yfirlæknir krabbameinslækninga til fimm ára hættir störfum þegjandi og hljóðalaust, eftir eru læknar sem vart ráða fram úr daglegum verkefnum. Starfandi yfirlæknir á krabba-

HEILBRIGÐIS-MÁL



Ebbu Margrét Magnúsdóttir varaformaður stjórnar Læknaráðs Landspítala og sérfræðilæknir á kvennadeild LSH.

meinsdeildinni hefur sagt að erlendis séu tólf krabbameinslæknar en þeir hugsi sér ekki að koma heim. Hvernig stendur á því að sérfræðingar hætta og læknar í sérnámi hafa ekki áhuga á að koma heim? Það er felleinkunn fyrir þá sem stýra heilbrigðismálum. Þessi þróun var engu að síður fyrirséð og er ekki séríslenskt vandamál. Fólk nær hærri aldri en áður og læknisfræðinni

hefur fleygt fram þannig að fólk lifir lengur með hina ýmsu kvilla.

Starfsánægjukannanir LSH hafa sýnt að margir sérfræðingar spítalans hugsa oft um að hætta og starfsánægja þeirra og unglækna er lítil. Stjórn spítalans hefur ekki reynt að bregðast við niðurstöðum þessara kannana og því mætti spyrja; Hví er verið að kosta til mikilvægra kannana ef það á að hundsniðurstöðurnar og stinga þeim undir stól? Ekki teljast slík vinnubrögð góð vísindi í læknisfræðilegri rannsókn.

Uggvænleg þróun

Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur lengi haft áhyggjur af þessari uggvænlegu þróun. Á síðasta vetri var efnt til fundar vegna ofangreindra málefna. Í byrjun sumars sendi stjórnin frá sér ályktun þegar til stóð að ráða fjölda læknanema í störf unglækna og auka álag á sérfræðinga spítalans sem þegar eru störfum hlaðnir. Nú í september sendum við aftur frá okkur ályktun þar sem skorað var á yfirvöld spítalans að finna lausnir á margþættum vanda

→ Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur boðað til almenns læknaráðsfundar á föstudag. Forstjóri spítalans mun taka til máls ásamt prófessor, sérfræðingi og unglækni. Vil ég hvetja alla þá lækna sem komast frá vinnu sinnar vegna að mæta og taka þátt í málefnalegri umræðu.

lyflækningasviðs í samráði við lækna sviðsins. Stjórn Læknaráðs hefur verið puttnan á púlsinum og fundað með milli-stjórnendum og heyrir í læknum sem vinna á gólfinu.

Okkur er ljóst að margir sérfræðingar íhuga að hætta störfum vegna álags og óánægju í vinnunni en geta samt sem áður sjúklinganna vegna, ekki hugsað sér það. Við höfum setið fundi á lyflækningasviði og hlustað á sérfræðinga og deildarlækna lýsa ástandi sem stundum virðist eiga betur við í „ER“ sjónvarpslæknaseríu en ekki á sjúkrahúsi í Reykjavík árið 2013.

Eftir að sviðum LSH var fækkað hafa sviðstjórnar og stjórnendur fjarlægst fólkið sem vinnur læknisstörfin. Gjá er á milli stjórnenda og fólksins á gólfinu. Til að laga þetta þarf að leyfa læknum sjúkrahússins að vera með í ákvörðunum sem snerta skipulag og starf deilda. Tryggja þarf að unglæknar séu ekki settir í þá stöðu að ráða ekki við þau verkefni sem fyrir þeim liggja og að ekki sé staðið við bakið á þeim. Það vekur spurningar um öryggi sjúklinga okkar.

Hjálpumst að

Viðbrögð ráðherra munu létta á álagi sviðsins sem felst í því að sjúklingar sem þegar hafa hlotið meðferð á sjúkrahúsinu fái í önnur hús að vernda. Efla þarf heilsugæsluna og koma í veg fyrir að til spítalans leiti fólk sem á frekar heima þar. Reyndar hafa læknar í heilsugæslunni stigið fram og lýst yfir ástandi þar vegna mannleku. Þar liggur rót vandans. Auka þarf fjármagn til að hægt sé að greiða íslenskum læknum samkeppnishæf laun. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða sem er ekki á valdi stjórnenda heilbrigðisstofnana. Því mun reyna á alþingismenn í náinni framtíð við að forgangsraða. Þurfum við Íslendingar gat í Vaðlaheiði eða fínt fangelsi fyrir afbrotamenn, hvað þá sendiráð víða um heim á tæknioöld?

Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur boðað til almenns læknaráðsfundar á föstudag. Forstjóri spítalans mun taka til máls ásamt prófessor, sérfræðingi og unglækni. Vil ég hvetja alla þá lækna sem komast frá vinnu sinnar vegna að mæta og taka þátt í málefnalegri umræðu. Staðan er svona og okkur ber að snúa bókum saman við að leysa margþættan vanda. Auka þarf starfsánægju lækna Landspítalans því aðeins þannig fáum við yngri lækna til starfa með okkur. Anægðir deildarlæknar og aðstoðarlæknar hafa góð áhrif á læknanema sem nú nema við Háskólann og verða unglæknar áður en langt um líður. Keðjan verður aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn sem nú er við það að slitna. Við í stjórn Læknaráðs munum ekki bregðast þeirri skyldu okkar að vinna að farsælli lausn mála. Hjálpumst að við að gera Landspítalann að eftirsóknarverðum vinnustað, sjúklinga okkar vegna.

